

Vinnuhópur Íslenskrar málnefndar um ritreglur

Drög að endurskoðuðum íslenskum ritreglum

Skýrsla til Íslenskrar málnefndar

23. ágúst 2015

Haraldur Bernharðsson
Jóhannes B. Sigtryggsson
Margrét Guðmundsdóttir

Efni

1. Inngangur	3
2. Stór stafur og lítill stafur	4
3. Eitt orð eða fleiri.....	21
4. <i>hv</i> og <i>kv</i>	28
5. <i>é, je</i> og <i>e</i>	29
6. Sérhljóðar á undan <i>ng</i> og <i>nk</i>	31
7. Sérhljóðar á undan <i>gi</i> og <i>gj</i>	33
8. <i>f</i> eða <i>v</i>	36
9. <i>g</i>	40
10. <i>j</i>	48
11. <i>ps, pt, ppt</i> eða <i>fs, ft</i>	50
12. <i>rl</i> og <i>ll</i> ; <i>rn</i> og <i>nn</i> ; <i>sl</i> og <i>sn</i>	53
13. <i>x, gs, ks</i>	55
14. <i>y, ý, ey</i>	58
15. <i>m</i> og <i>mm</i>	62
16. <i>n</i> og <i>nn</i>	63
17. <i>r</i> og <i>rr</i>	70
18. <i>s</i> og <i>ss</i>	74
19. Einn eða fleiri samhljóðar	79
20. Brottfall í framburði	81
21. Stafavíxl	84
22. Greinarmerki: kommur.....	86

1. Inngangur

Þau drög sem hér eru lögð fram eru vinnuskjal og áfangi í endurskoðun íslenskra ritreglna. Drögin eru afrakstur af starfi tveggja vinnuhópa Íslenskrar málnefndar sem störfuðu á árunum 2009–2015.

Annars vegar er um að ræða vinnuhóp sem starfaði 2009–2010 og í sátu Baldur Sigurðsson, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson, Margrét Guðmundsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Sá vinnuhópur lagði fram tillögur um endurskoðaðar reglur um þrjú atriði í íslenskri stafsetningu: (1) Reglur um stóran staf og lítinn, (2) reglur um eitt orð og fleiri og (3) reglur um kommusetningu. Hópurinn lagði tillögur sínar fram í skýrslu til Íslenskrar málnefndar 17. september 2010 og voru þær samþykktar á fundi nefndarinnar 14. október 2010.

Hins vegar er vinnuhópur sem starfaði með hléum 2012–2015 en í honum sátu Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson og Margrét Guðmundsdóttir. Sá hópur hélt endurskoðunarstarfinu áfram og yfirför aðra þætti íslenskra ritreglna (þótt reyndar hafi ekki verið fjallað um alla undirþætti greinarmerkjasetningar en það var einkum kaflinn um kommusetningu sem talinn var þarfnast endurskoðunar).

Í þeim drögum sem hér eru lögð fram hefur tillögum þessara tveggja hópa verið steipt saman. Kaflar 2 (Stór stafur og lítill stafur), 3 (Eitt orð eða fleiri) og 22 (Greinarmerkjasetning: kommur) eru tillögur fyrri vinnuhópsins en allir aðrir kaflar eru frá síðari vinnuhópnum. Greinargerð með tillögum fyrri vinnuhópsins er í skýrslu hans frá 17. september 2010.

Í tillögum vinnuhópanna felast ekki neinar verulegar breytingar á íslenskri stafsetningu heldur er fyrst og fremst um að ræða breytingar á framsetningu reglnanna og fjölgun dæma til að styðja þær. Auglýsingar menntamálaráðuneytis nr. 132/1974, 133/1974, 184/1974 og 261/1977 um stafsetningu og greinarmerkjasetningu hafa verið lagðar til grundvallar en einnig hefur verið stuðst við ritreglur sem Íslensk málstöð gaf út í *Stafsetningarorðabókinni* 2006 og fjölmargar kennslubækur í stafsetningu, ekki síst *Lykil að stafsetningu og greinarmerkjum* eftir Baldur Sigurðsson og Steingrím Þórðarson (Mál og menning 2004).

Áréttað skal að þetta er ekki fullbúið verk heldur vinnuskjal með tillögum sem krefjast áframhaldandi umræðu hjá Íslenskri málnefnd.

2. Stór stafur og lítill stafur

2.1 LÍTILL STAFUR OG STÓR: ADALREGLA

Lítinn staf skal að jafnaði nota í rituðu máli. Stóran staf skal þó rita, einkum í upphafi orðs, samkvæmt sérstökum reglum sem lýst er í 2.2. Um lítinn staf er nánar fjallað í 2.3.

2.2 STÓR STAFUR

2.2.1 Stór stafur er ritaður í upphafi máls.

Stór stafur er alltaf ritaður í upphafi máls og í nýrri málsgrein á eftir punkti. Á eftir upphrópunarmerki, spurningarmerki og tvípunkti er stundum stór stafur, en aldrei á eftir kommu eða semíkommu, eins og ráða má af eftirfarandi dæmum og skýringum (sjá nánar um greinarmerki í reglum um greinarmerki).

Hann er kominn. Það var nú gott. [Upphaf máls og ný málsgrein á eftir punkti.]

Er hann kominn? Það var nú gott. [Ný málsgrein á eftir spurningarmerki.]

Hann er kominn! Það var nú gott. [Ný málsgrein á eftir upphrópunarmerki.]

Ég sagði: „Það var nú gott.“ [Bein tilvitnun á eftir tvípunkti.]

Loks var þetta ákveðið: Óskað verður eftir nauðasamningum hið fyrsta.
[Sjálfstæð málsgrein á eftir tvípunkti.]

Hann er seinheppinn eins og fyrri daginn: missir/Missir af flugvélinni og tefst í þrjá daga. [Valfrelsi; ófullkomin málsgrein á eftir tvípunkti. Mælt er með litlum staf.]

Ég þarf að kaupa þrennt: mjólk/Mjólk, brauð og smjör. [Valfrelsi; upptalning á eftir tvípunkti. Mælt er með litlum staf.]

Það var nú gott,“ sagði ég. [Á eftir beinni tilvitnun, innan sömu málsgreinar.]

„Er hann kominn?“ spurði ég. [Á eftir beinni tilvitnun, innan sömu málsgreinar.]

„Hann er kominn!“ kallaði hún. [Á eftir beinni tilvitnun, innan sömu málsgreinar.]

2.2.2 Stór stafur er ritaður í upphafi sérnafns.

2.2.2.1 Sérnöfn eru heiti sem tilteknir einstaklingar eða eintök af einhverri tegund bera, einkum menn og aðrar verur, staðir, stofnanir og ýmis manna verk, eins og hús, listaverk og hugverk. Sérnöfn eru rituð með stórum upphafsstaf.

Ef sérnafn er fleiri en eitt orð er aðeins stór upphafsstafur í fyrsta orðinu, til dæmis *Austurlönd nær*, *Rauði krossinn*, *Hið íslenska bókmenntafélag*, nema á eftir fari sérnafn eða sérnöfn, til dæmis *Fríverslunarsamtök Evrópu*, *Hæstiréttur Íslands*, *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Fleiri nöfn af þessum toga eru í dæmum hér á eftir.

Þegar sérnöfn eru samsett og tengd með bandstriki eru báðir hlutarnir með stórum upphafsstaf, til dæmis *Norður-Kórea*, *Litli-Jón*, *Fjalla-Eyvindur*, sbr. 2.2.4 b–c.

2.2.2.2 Nöfn manna, dýra og annarra vera eru sérnöfn; til dæmis:

a. Nöfn manna, svo sem skírnarnöfn, millinöfn, föðurnöfn, móðurnöfn og ættarnöfn, einnig gælunöfn og styttnöfn:

Ari • Bryndís • Dan • Guðmundur • Guðm. (Guðmundur) • Gummi • Guðrún • Helguson • Kvaran • Ólafur • Sigurðardóttir • Óli • Vigga

► [2.3.2 b; 2.2.4 b–c] Viðurnefni sem bætt er aftan við sérheiti manna eða annarra vera eru rituð með litlum upphafsstaf, til dæmis *Ari fróði*, *Þuríður formaður*, nema þau falli sjálf undir reglu um stóran staf, til dæmis *Einar Þveræingur*, *Sigurður Fáfniðsbani*. Ef viðurnefni er skeytt framan við sérnafn eru bæði orðin rituð með stórum upphafsstaf og tengd með bandstriki, til dæmis *Litli-Jón*, *Svarti-Pétur*, *Ástar-Brandur*, *Fjalla-Eyvindur*.

b. Eiginnöfn guða og guðlegra vera, álfa, huldumanna, trölla, vætta, forynja, drauga o.þ.h.:

Gilitrutt • Glámur • Jesús • Kristur • Loki • Óðinn • Satan • Skírnir

c. Eiginnöfn dýra:

Brandur • Golsa • Skjalda • Skjóni • Snati

d. Nöfn hluta og hugmynda sem eru persónugerð (til dæmis í skáldskap) má rita með stórum staf:

Leggur • Skel • úti blés Kári af öllu afli • helstu persónur sögunnar voru Þekkingin og Ástin

2.2.2.3 Nöfn á einstökum stöðum eru sérnöfn; til dæmis:

a. Örnefni hvers konar, svo sem nöfn á fjöllum og dölum, söndum og hraunum, leitum og lautum, vegum og öðrum samgönguleiðum, ám og vötnum, flóum og fjörðum, fiskimiðum, höfum og hafsvæðum, löndum, landshlutum og heimsálfum o.þ.h:

Austurland • Evrópa • Fjallabaksleið • Flæmski hatturinn • Háaleiti • Hekla • Húnaflói • Hvítá • Ísland • Kyrrahaf • Langidalur • Mjóifjörður • Mývatn • Ódáðahraun • Rauðisandur • Smugan • Strandir • Suðurskautlandið (heimsálfa)

► [2.3.6.3] Örnefni geta átt sér samhljóða samheiti, oft lýsandi (sbr.: bærinn *Eyri* stendur á *eyri*). Oft þarf að ráða af samhengi hvort orðið er sérnafn eða ekki og stundum þarf að þekkja til staðháttá. Valfrjálst er hvort ritað er *suðurheimskaut* eða *Suðurheimskaut*, *norðurpóll* eða *Norðurpóll*.

b. Nöfn á byggð og setri, svo sem héruðum, sveitum, sveitarfélögum, borgum, borgar- eða bæjarhverfum, götum og torgum, kaupstöðum, kauptúnum, þorpum, bújörðum, eyðibýlum, bústöðum, aðsetri.

Austurstræti • Hafnir • Hliðskjálfr • Hof • Kópavogur • Lækjartorg • Oddeyri • Reykjavík • Skútustaðir • Súðavík • Útmanasveit • Valhöll • Vesturbyggð • Vesturbær • Vogahverfið

Ath. Venja er að rita *himnaríki* og *helvíti* með litlum upphafsstaf.

► [2.3.6.3 b] Ef heitið er samsett orð og síðari liðurinn samnafn (t.d. *fell*, *tún*) er hann ritaður áfastur (án bandstriks), jafnvel þó að fyrri liðurinn beygist, til dæmis *Fornibvammur*, *Langisjór*, *Miklabraut*. Ekki er þó alltaf augljóst hvort síðari liður er samnafn eða sérnafn, einkum þegar hann gæti verið lýsandi heiti á landslagi (samnafn, t.d. *grund*) eða heiti bæjar (sérnafn, t.d. *Grund*).

d. Nöfn á einstökum stjörnum, vetrarbrautum, geimþokum, samstirnum og stjörnumerkjum

Mars • Merkúr • Venus • Svelgpokan • Kolapokinn • Karlsvagninn • Vatnsberinn

Ath. Íslensk heiti himintungla í okkar sólkerfi eru rituð með litlum upphafsstaf: *sól, sunna, jörð, tungl* og *máni*. Jörðin er þó stundum rituð með stórum upphafsstaf í upptalningu á reikistjörnum: *Merkúr, Venus, Jörð, Mars, Júpíter, Satúrnus, Úranus, Neptúnus*. *Pólstjarnan* er sérheiti en getur einnig verið samnafn í merkingunni ‘stjarnan sem sést yfir norðurpólnum’.

2.2.2.4 Nöfn á ýmsum hlutum og öðrum verkum manna eru sérnöfn. Þar á meðal eru:

a. Nöfn á einstökum húsum eða mannvirkjum:

Arnarhváll • Glerárkirkja • Gullinbrú • Norræna húsið • Sjalli(nn) • Skjaldborg • Skólavarða

b. Nöfn á einstökum farartækjum, svo sem skipum, bátum, flugvélum, bílum o.þ.h.:

Baldur • Fjallafari • Frúin • Geisli • Gestur frá Vigur • Gnúpur • Gullfoss • Herjólfur • Höfrungur II • Norræna • Storkurinn • Pristurinn

c. Nöfn á hvers kyns hugverkum, svo sem bókum, sögum, ljóðum, blöðum, tímaritum, tónverkum, kvikmyndum, myndverkum, höggmyndum, smíðisgripum o.þ.h.:

Biblían • Draupnir • Frelsisstytta • Hrafninn flýgur • Mjólnir • Morgunblaðið • Nýja testamentið • Rimmugýgur • Sjálfstætt fólk • Skírnir • Tunglskinssónatan • Vald örlaganna • Völuspá • Þotuhreiður

d. Nöfn á ýmiss konar vörum (vörumerki):

Gotti • Svali • Húsavíkurljógúrt • Kaldi • Dala-Yrja

2.2.2.5 Nöfn á skipulögðum félagsskap, stofnunum, embættum og fyrirtækjum eru sérnöfn. Þar á meðal eru:

a. Nöfn á fyrirtækjum og stofnunum:

Alþingi • Alþjóðavinnumálastofnunin • Bjargráðasjóður • Flugmálastjórn
• Frumherji • Háskólinn á Akureyri • Háskóli Íslands • Héraðsdómur
Reykjavíkur • Hæstiréttur Íslands • Íslenskar sjávarafurðir • Lánasjóður
íslenskra námsmanna • Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna • Norræna
menningarmálaskrifstofan • Ríkisendurskoðun • Ríkisútvarpið • Sam-
einuðu þjóðirnar • Samskip • Stórþingið (norska) • Stöð 2 • Þjóðleikhúsið

Ath. Nöfn stofnana/embætta sem bera heiti sem jafnframt er starfsheiti æðsta yfirmanns, til dæmis *sýslumaðurinn í Reykjavík*, *umboðsmaður Alþingis*, *ríkislögreglustjóri*, má ætíð rita með litlum upphafsstaf, en einnig er heimilt að rita stóran staf ef augljóslega er vísað til stofnunarinnar en ekki starfsmannsins sem veitir henni forstöðu (sjá um lítinn staf í starfsheitum í 2.3.2 a).

► [2.3.6.4] Heiti nefnda, ráða, deilda, sviða og ráðuneyta eru oftast lýsandi, til dæmis *kjarraráð*, *barnaverndarnefnd* eða *félagsvísindasvið*, og þess vegna nokkurs konar samheiti/tegundarheiti sem rituð eru með litlum upphafsstaf. Um leið má líta á þau sem sérheiti og rita með stórum upphafsstaf, til dæmis *Kjarraráð*, *Barna-
verndarnefnd* eða *Félagsvísindasvið*. Í þessu efni er brýnt að huga að hefð og samræmi. Til dæmis er hefð innan opinberrar stjórnarsýslu að líta á þessi orð sem samheiti.

b. Nöfn á bandalögum, flokkum, söfnuðum, félögum, klúbbum, söngflokkum, hljómsveitum, leikhópum o.þ.h.:

Bandalag íslenskra skáta • Eimskipafélag Íslands • Evrópska efnahags-
svæðið • Hið íslenska bókmenntafélag • Íþróttasamband Íslands • Karla-
kór Akureyrar • Krossinn • Neytendasamtökin • Rauði krossinn • Sjálf-
stæðisflokkurinn • Stuðmenn

2.2.3 Stór stafur er ritaður í heitum þjóða, þjóðflokka og fleiri hópa manna

2.2.3.1 Heiti (formleg og óformleg) þjóða, þjóðarbrotu og þjóðflokka (þ.e. hópa manna sem deila eða hafa deilt tungu, menningu og landi):

Arabar • Astekar • Baskar • Baunar • Bretónar • Búar • Danir • Englar • Englendingar • Forn-Grikkir • Fransmenn • Gallar • Gotar • Grikkir • Hellenar • Hundtyrkinn • Húnar • Inúítar • Indverjar • Írakar • Íslendingar • Ísraelsmenn • Keltar • Kúrdar • Kvenir • Langbarðar • Mongólar (íbúar Mongólíu) • Navahóar • Norðmenn • Norsarar • Palestínnumenn • Portúgalar • Samar • Saxar • Sígaunar • Slavar • Taflendingar • Tamílar • Spanjólur • Tjallar • Tsjetsjenar • Vestur-Íslendingar • Þjóðverjar • Þýskarar

Ath. Heiti fylgismanna trúarbragða og viðhorfa eru rituð með litlum upphafsstaf (sbr. 2.3.3.2 f). Undir þá reglu getur orðið *gyðingur* fallið, en hins vegar eru *Gyðingar* þjóð, sögulega séð. Hér þarf því að huga að samhengi og samræmi.

► [2.3.5] Ýmis gömul (og úrelt) kynþáttaheiti (einkum byggð á útlitseinkennum) eru rituð með litlum upphafsstaf; dæmi *aríar*, *eskimóar*, *indíánar*, *kákasítar*, *mongólar* (Asíubúar), *negrar*, *negrítar*.

2.2.3.2 Heiti íbúa, ætta og liðsmanna sem dregin eru af sérnafni:

a. Íbúaheiti, þ.e. heiti manna sem kenndir eru við einhvern búsetustað, heimsálfu, landsvæði, landshluta, hérað, sveit, borg, bæ o.þ.h.:

Austfirðingar • Breiðhyltingur • Evrópumenn • Gilsbekkingar • Ísfirðingar • Keldhverfingar • Mývetningar • Ólsarar • Reykvíkingur • Seyðfirðingar • Stokkseyringar • Vestmannaeyingar • Vesturbæingar

b. Ættarheiti, þ.e. manna sem kenndir eru við mann (skírnar- eða ættarnafn forföður) ellegar stað og teljast einnar ættar:

Ásbirningar • Oddaverjar • Sturlungar • Thoroddsenar • Bergsætt • Arnardalsætt

c. Liðsmannaheiti, þ.e. heiti manna sem kenndir eru við félag, samtök eða foringja:

Ármenningur • Bliki • Breiðablikismaður • Dagsbrúnarmaður • Geirsmenn • Gunnarsmenn • Framarar • Sóknarkona • Valsari • Valtýingur • Víkingar • Þórsari

d. Heiti fylgismanna stjórn mála flokka sem dregin eru af nafni flokksins, einnig þó að það sé stytta:

Framsóknarkona • Kristilegir demókratar • Repúblikani • Samfylkingarkona • Samfylkingarsinni • Vinstrigrænir • Sjálfstæðismaður

► [2.3.3.2 f; 2.3.6] Heiti fylgismanna stjórn mála flokka geta átt sér samhljóða lýsandi orð sem falla þá undir reglu um að heiti fylgismanna stjórn mála stefna séu rituð með litlum upphafsstaf. Orðið *íhaldsmaður* getur verið samheiti en jafnframt heiti á stuðningsmanni flokks sem heitir *Íhaldsflokkurinn* og er þá ritað *Íhaldsmaður*. Hér þarf að gæta að merkingu og samræmi.

► [2.3.3.2 f] Heiti stjórn mála viðhorfa og fylgismanna þeirra (öfugt við heiti fylgismanna skipulagðra félaga eða flokka) eru rituð með litlum upphafsstaf þótt þau séu dregin af sérnafni (*lenínismi, lenínisti, maóismi, maóisti*).

► [3.3.2 e] Heiti trúarbragða, viðhorfa, strauma og stefna og fylgismanna þeirra eru rituð með litlum upphafsstaf enda þótt þau séu dregin af sérnafni: *ásatrú, ásatrúarmaður, benediktínar, frjálshyggi, íslam, kalvínismi, kalvínisti, kristni, múhamedstrú*.

2.2.4 Stór upphafsstafur er oft ritaður samsettum orðum sem mynduð eru af sérnafni.

Sérnöfn (sbr. 2.2.2) eru oft rituð með stórum upphafsstaf í samsetningum, enda þótt samsetningin sjálf sé ekki alltaf sérnafn. Dæmi:

a. Samsett nafnorð þar sem fyrri liður er sérnafn (oftast í eignarfalli):

Bernouilli-lögmál • Davíðsmaður • Jónsmessa • Mariúbæn • Margrétarmessa • Marshall-aðstoð • Newtons-lögmál • Nóbelsverðlaun • Nóbelsverðlaunahafi • Ólafsvaka • Steingrímsarmurinn • Vernerslögmál • Þorláksmessa

► [2.3.3.2] Frá þessu eru nokkrir flokkar undantekninga: Dýraheiti (*jakobsfiskur*), plöntuheiti (*maríustakkur*), matvælaheiti (*kínarúlla*), ýmis læknisfræðiheiti (*parkinsonsveiki*), heiti á trúarbrögðum (*lúterstrú*) eru þó rituð með litlum upphafsstaf.

► [2.3.2 a] Starfsheiti eru rituð með litlum staf þó að fyrri hluti þeirra sé til sem sérnafn: *alþingismaður, hæstaréttardómari*, en þegar starfsheiti er skeytt aftan við heiti þjóðar, lands eða fyrirtækis má rita það með stórum staf: *Bandaríkjaforseti, Fiskistofustjóri, Rússlandskeisari*.

b. Í samsettum sérheitum þar sem fyrri liðurinn er lýsingarorð eða atviksorð eru báðir liðirnir ritaðir með stórum upphafsstaf og tengt með bandstriki:

Norður-Kórea • Stóru-Hámundarstaðir • Suður-Ameríka • Syðri-Reistará
• Litli-Jón • Svarti-Pétur • Stóri-Kláus • Litli-Kláus • Langi-Seli

► [2.3.6.3 b] Ef síðari liður er samnafn er hann ritaður áfastur og með litlum upphafsstaf: *Breiðaffjörður, Kaldakinn, Langidalur, Suðursveit*. Vafamál getur verið hvort síðari liður er sérnafn eða samnafn, til dæmis hvort rita á bæjaheitin *Syðra-Sel* og *Efra-Sel* svo eða *Syðrasel* og *Efrasel* ef ekki er til bærinn *Sel*.

c. Í samsettum sérheitum þar sem fyrri liðurinn er nafnorð í eignarfalli eru báðir liðirnir ritaðir með stórum upphafsstaf og tengt með bandstriki:

Ástar-Brandur • Fjalla-Eyvindur • Grasa-Gudda • Höfðabrekku-Jóka •
Víga-Glúmur • Skalla-Grímur

Ath. Síðari liður getur glatað sérnafnseðli sínu í vitund manna og má þá rita með litlum upphafsstaf og án bandstriks: *Kveldúlfur, Skallagrímur*.

2.2.5 Önnur notkun stórs stafs.

2.2.5.1 Stóra stafi má nota á svipaðan hátt og fleiri leturbreytingar, til dæmis til áherslu:

Lofaðu að gera þetta ALDREI AFTUR!

2.2.5.2 Stórir stafir koma einnig fyrir í ýmsum skammstöfunum o.fl., til dæmis þegar bókstafir gegna líku hlutverki og tölustafir.

A-hluti • ASÍ • BA-próf • BHM • DV • ESB • ESB-aðild • FH • HM '03 • ÍSÍ •
LÍÚ • SÍBS • SP • Deild 12 B • Lækjargata 25 B

2.3 LÍTILL STAFUR

2.3.1 Lítill stafur er að jafnaði notaður í rituðu máli

Meginreglan í rituðu máli er að nota lítinn staf, hann er hlutlaus, en með notkun stórs stafs er nokkurs konar viðbótarupplýsingum komið til skila, um áherslu, upphaf nýrrar málsgreinar o.s.frv. (sjá 2.2).

Lítill stafur er notaður nema reglur um stóran staf kveði á um annað. Reglur um lítinn staf fjalla því ekki um öll tilvik þar sem nota skal lítinn staf, heldur eru til áréttingar um ýmis tilvik.

2.3.2 Samnöfn eru jafnaði rituð með litlum upphafsstaf

Samnöfn eru sameiginleg heiti, eða tegundarheiti, sem alls kyns fyrirbæri bera, hvort sem þau eru lifandi eða dauð, sýnileg eða ósýnileg o.s.frv., til dæmis *akur, bóke, fluga, hugmynd, hveiti, list, kennari, maður, sokkur*. Samnöfn eru að jafnaði rituð með litlum upphafsstaf. (Um óljós mörk milli samheita og sérheita, sjá 2.3.6.)

Ef samnafn er dregið af sérnafni er það oft ritað með stórum upphafsstaf (sjá 2.2.4 og 2.3.3.2) en nokkrir flokkar af merkingarlega skyldum orðum eru undantekningalaust ritaðir með litlum staf (sjá 2.3.3.1).

Samnöfn eru meðal annars:

a. Starfsheiti og titlar:

alþingismaður • biskup • borgarstjóri • bóndi • doktor • dómsmálaráðherra • forseti • forsætisráðherra • frú • herra • hæstaréttardómari • kennari • konungur • landlæknir • ljósmóðir • lögfræðingur • prestur • prófessor • sálfræðingur • séra • sjómaður • skáld • skipstjóri • smiður • sýslumaður • verkamaður

Ath. Þegar starfsheiti er skeytt aftan við heiti þjóðar, lands eða fyrirtækis má rita það með stórum staf: *Bandaríkjaforseti, Fiskistofustjóri, Rússlandskeisari*.

► [2.2.2.5 b] Einstaka sinnum er starfsheiti einnig heiti stofnunar eða embættis, til dæmis *sýslumaðurinn í Reykjavík, umboðsmaður Alþingis, ríkislögreglustjóri*. Þau má ætíð rita með litlum upphafsstaf, en einnig er heimilt að rita stóran staf ef augljóslega er vísað til stofnunarinnar en ekki starfsmannsins sem veitir henni forstöðu.

b. Viðurnefni ýmiss konar eru talin til samnafna:

(Ari) fróði • (Árni) ljúflingur • (Jón) lærði • (Þuríður) formaður • (Ketill) hængur •
(Gunnar) smiður

c. Heiti daga og mánaða:

fimmtudagur • júní • þorri

d. Starfsgreinar, fræði og próf:

heimspeki • hjúkrun • járnsmíði • landafræði • stúdentspróf • verkfræði

► [2.2.5.2] Stórir stafir eru notaðir í ýmsum skammstöfunum, m.a. í *BA-próf*, *MS-próf*:
BA-próf í sagnfræði

e. Efni og vörur:

amfetamín • hárlakk • kaffi • kísilgúr • leður • lýsi • sykur • vítamín

► [2.2.2.4 d] Heiti vörumerkja eru rituð með stórum staf: *Gotti*, *Penzim*, *Svali*

f. Gjaldmiðlar:

dalur • dollari • evra • króna • líra • pund

g. Fjöldi annarra orða sem vísa til eðlis, gerðar, staðsetningar, hugmynda, áþreifanlegra og óáþreifanlegra fyrirbæra, einhvers sem endurtekur sig reglubundið o.s.frv.:

alkóhólisti • andskoti • barlómur • engill • félag • fjandi • fob-verð • haust •
hálendi • heimsmeistaramót • lygalaupur • lýðveldi • miðbaugur • norðurheim-
skaut • ráðuneyti • silfurverðlaun • þorrablót

2.3.3 Um samnöfn sem dregin eru af sérnafni

2.3.3.1 Ef samnafn er dregið af sérnafni er það oft ritað með stórum upphafsstaf (sjá 2.2.4). Mörg orð sem dregin eru af sérnafni eru hins vegar tegundarheiti eða hafa fengið

almenna merkingu þannig að tengslin við upprunann eru orðin óljós. Oft er um erlend sérnöfn að ræða en tegundarheiti geta líka byrjað á orði af erlendum uppruna án þess að það sé sérnafn. Fólk getur því þekkt merkingu orðs þó að það þekki ekki uppruna þess. **Því gildir sú regla um nokkra flokka orða að þau eru ávallt rituð með litlum upphafsstaf, óháð uppruna.** Önnur orð sem dregin eru af sérnafni hafa skýrari tengsl við upprunann eða eru jafnvel sjálf sérheiti á einstöku fyrirbæri.

Eftirfarandi dæmi varpa ljósi á þessi mismunandi og oft óljósu tengsl:

Vínarsáttmálinn er *einn ákveðinn sáttmáli* kenndur við Vínarborg (sérheiti)
vínarbrauð er *tegund* af brauði sem kennt er við Vínarborg (tegundarheiti)

hamborgari er dregið af sérnafni (Hamborg).

lasanja er ekki dregið af sérnafni.

lygamörður er dregið af sérnafninu Mörður sem er sögupersóna í Njálu en hefur almennu merkinguna ‘maður sem lýgur mikið’

lygalaupur er samsett úr samnöfnunum *lygi* (‘ósannindi’) og *laupur* (‘rimlakassi’) og hefur almennu merkinguna ‘maður sem lýgur mikið’.

Hjálparregla: Með tegundarheitum er oft hægt að nota *eins konar* eða *hvers konar*?

Hvers konar bolla er þetta? Þetta er berlínarbolla.

Hvers konar blóm er þetta? Þetta er maríustakkur.

Hvers konar vín er þetta? Þetta er rínarvín.

2.3.3.2 Sum samnöfn eru rituð með litlum staf **ÞÓTT** þau séu dregin af sérnafni

Tegundarheiti **dýra** og **jurta**, **matvælaheiti** og **læknisfræðiheiti** eru rituð með litlum upphafsstaf þótt þau séu upprunalega dregin af sérheitum. Sama gildir um heiti **trúarbragða**, **viðhorfa**, **strauma** og **stefna** og heiti **fylgismanna** þeirra:

a. Heiti á tegundum eða flokkum dýra eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki:

abyssíníuköttur • alaskaufsi • balíköttur • bengalköttur • dalmatíuhundur •
dingóhundur • dóbermannhundur • galloway-nautgripur • herefordnautgripur •
jakobsfiskur • jövuköttur • kolkuóshross • labradorhundur • maríubjalla •
maríudepla • maríuerla • maríuhæna • mývatnssilungur • nýfundnalandshundur •

óðinshani • pýreneahundur • rottweiler-hundur • sanktibernharðshundur • setter-hundur • síamsköttur • sómalíuköttur • spánarsnigill • spaníel-hundur • stóridani • svaðastaðahross • terríer-hundur • þingvallamurta • þórshani

b. Heiti á tegundum jurta eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki:

alaskalúpína • alaskavíðir • alaskaösp • aronsvöndur • baldursbrá • brekkumariústakkur • daviðslykill • dvergsóley • engjamaríustakkur • fjallakobbi • freyjubrá • friggjargras • gullauga • gullbrá • helga (kartöflur) • hvítárlax • ingimarsfífill • íslandsfífill • jakobsfífill • jakobsstigi • lilja • lokasjóður • mariugrös • mariulykill • mariústakkur • mariúsvunta • mariúvendlingur • mariúvöndur • mariúvöttur • mývatnsgrös • ólafsráuðar • ólafssúra • ránarkambur • ránarkjarni • rauðsmári • reynir • smári • snækobbi • sóley • spánarkerfill • stefánssól • steindórssól • tírólamerla • týsfjóla • unnarfaldur • víðir • þyrnirós • ægissigð

Ath. Til eru samheiti sem eiga sér samhljóma sérheiti, þar á meðal mannanöfn. Ef um er að ræða sérheiti eru þau vitaskuld rituð með stórum upphafsstaf, til dæmis *Lilja*, *Reynir*, *Smári*, *Sóley*, *Víðir*.

c. Heiti á tegundum matvælum eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki:

armaníak • basmatí-hrísgrjón • bayonne-skinka • berlínarbolla • bérnaise-sósa • bolognasósa (bolognese-sósa) • bordóvín (bordeaux-vín) • búrbonviskí (bourbon-viskí) • dijonsinnep • gádaostur (gouda-ostur) • genúakaka • gíneupípar • gorgonsólaostur (gorgonzola-ostur) • grahamsmjöl • gullauga • hamborgari • helga (kartöflur) • hólsfjallahangikjöt • jaffaappelsínur • jalapenjo • jövukaffi • kalamataólífur • kamembertostur (camembert-ostur) • kampavín • kasjúhneti • keníukaffi • kínakál • kínarúlla • kólumbíukaffi • lasanja • londonlamb • madeirasósa • madeiravín • móselvín • napóleonshattur • napóleonskaka • ólafsráuðar • parmaostur • parmaskinka • pekingönd • rínarvín • roquefort-ostur • skalottlaukur • stroganoff-buff • vínarbrauð • vínarpylsa • vínarsnitsel • vínarterta • waldorf-salat • worchester-sósa

► [2.2.2.3 d] Heiti vörumerkja eru rituð með stórum staf: *Gotti*, *Svali*.

d. Ýmis læknisfræðileg hugtök (sjúkdómar og fleira) eru rituð með litlum upphafsstaf óháð því hvort þau eru dregin af sérheiti eða ekki:

akureyrarveikin • alshæmerveiki (alzheimer-veiki) • asíuflensa • dásheilkenni (downs-heilkenni) • fuglaflensa • hermannaveiki • influensa • langerhanseyjar • liðagigt • MS-sjúkdómur • parkinsonsveiki • stokkhólmsheilkennið • sóríasis (psoriasis)

e. Heiti trúarbragða og viðhorfa, strauma og stefna og heiti fylgismanna þeirra eru rituð með litlum upphafsstaf enda þótt þau séu dregin af sérnöfnum:

ágústínar • ásatrú • ásatrúarmaður • benediktínar • búddismi • búddisti • dadaismi • frjálshygga • fransiskanar • guðspekingur • gyðingur • húgenotti • íslam • jafnaðarstefna • kalvínismi • kalvínisti • kalvínstrú • kristin trú • kristni • kúbismi • kvekari • lúterska • múhameðstrú • múhameðstrúarmaður • múslími • póstmóðernismi • raunsæi • raunsæismaður • rómantík • sósíalismi

f. Heiti stjórnmalastefna og fylgismanna þeirra eru rituð með litlum upphafsstaf enda þótt þau séu dregin af sérnöfnum:

fasismi • lenínismi • lenínisti • maóismi • maóisti • marxismi • stalínismi • stalínisti • trotskíisti • valtyíska

► [2.2.3.2 d] Munur er gerður á heiti fylgismanna stjórnmalastefna (*stalmísti*) og fylgismönnum einstakra foringja (*Stalínsmaður*). Til leiðsagnar má hafa að orð sem enda á *-ismi* og *-ísti* eru skrifuð með litlum staf.

g. Ýmis orð sem (upprunalega) eru dregin af sérnöfnum en hafa fengið almenna merkingu eða eru eins konar tegundarheiti eru rituð með litlum upphafsstaf:

adamsepli • akkillesarhæll • alpagrein • aulabárður • bermúda-buxur • biblíufróður • bögubósi • dísilbifreið • evuklæði • gordíonshnútur • grettistak • gróusaga • gvendarbrun • hrunadans • kaupahéðinn • kínaskór • kvislingur • lygamörður • maríutása • röntgenmynd • salómonsdómur • síamstvíburar • svikahrappur • þórðargleði • þyrnirósarsvefn • ökuþór

2.3.3.3 Samnöfn rituð með litlum staf NEMA þegar þau eru dregin af sérnafni

Heiti einstakra daga, mánaða, tímabila, hátíða og sögulegra viðburða eru rituð með litlum staf nema þegar þau eru dregin af sérnafni:

aðventa • ár fatlaðra • bannár • dagur íslenskrar tungu • dagur Sameinuðu þjóðanna • fornöldin • franska byltingin • frostaveturinn mikli • fullveldisdagur • hundadagur • hvítasunna • iðnbyltingin • jól • júlí • kalda stríðið • landnámsöld • laugardagur • móðuharðindi • nóvember • páskar • sjómannadagurinn • skírdagur • sumardagurinn fyrsti • þjóðhátíðardagur • þorri • þrælastríðið • verslunarmannahelgi

► [2.2.4 a] Samsett nafnorð af þessu tagi þar sem fyrri liður er sérnafn eru skrifuð með stórum upphafsstaf, til dæmis *Margrétarmessa*, *Napóleonsstríðin*, *Sturlungaöld*, *Þorláksmessa*, *Örlygsstaðabardagi*

2.3.4 Heiti tungumála, málaflokka og mállýskna eru rituð með litlum upphafsstaf

Ritaður er lítill upphafsstafur í heitum tungumála, málaflokka og mállýskna, enda þótt líta megi á þau sem sérheiti og þau séu (mörg) dregin af sérnöfnum:

bantúmál • danska • finnlandssænska • forngríska • harðmæli • íslenska • jóska • kákasusmál • krímgotneska • latína • níger-kongó-mál • papúamál • svahílí • vestfirska • vesturíslenska

2.3.5 Ýmis gömul (og úrelt) kynþáttaheiti (einkum byggð á útlitseinkennum) eru rituð með litlum upphafsstaf

aríar • indíánar • kákasítar • mongólar (Asíubúar) • negrar • negrítar

2.3.6 Lýsandi orð og samhljóða samheiti og sérheiti

2.3.6.1 Fjölmörg dæmi eru um að mannanöfn eigi sér samhljóða samheiti (til dæmis *Bára* og *bára*). Oftast má þó af ráða af samhengi hvort um er að ræða nafn sem ritað er með stórum upphafsstaf eða samnafn sem ritað er með litlum upphafsstaf.

Örnefni geta einnig átt sér samhljóða samheiti (til dæmis *bærinn Eyri sem stendur á eyri*) en þau eru oft lýsandi og þá ekki alltaf eins augljóst hvenær um er að ræða samnafn og hvenær sérnafn. Stundum þarf að þekkja staðhætti.

Hins vegar eru til dæmi þar sem slík lýsandi orð má túlka á tvo vegu, sem samheiti eða sérheiti (til dæmis *barnaverndarnefndin í Reykjavík heitir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur*).

2.3.6.2 Mannanöfn eiga sér oft samhljóða sérheiti:

Bára/bára • Gestur/gestur • Sóley/sóley • Úlfur/úlfur

2.3.6.3 Örnefni eiga sér oft samhljóða heiti:

a. Mörg örnefni eiga sér samhljóða samheiti, gjarna lýsandi:

Eyri/eyri • Garður/garður • Hóll/hóll • Sandur/sandur

Í slíkum dæmum sýnir samhengi oftast hvort um er að ræða samnafn eða sérnafn, eins og í þessum setningum:

Bærinn á hólnum heitir Hóll.

Í miðborg Reykjavíkur er tjörn sem heitir Tjörnin.

Í stöku tilvikum er óljóst hvort slík lýsandi heiti eru sérnafn eða samnafn, eins og til dæmis:

Þau gengu í kringum Tjörnina í miðborg Reykjavíkur.

Þau gengu í kringum tjörnina í miðborg Reykjavíkur.

Í tilvikum sem þessum er ráðlegt að fylgja mál- og ritvenju á hverjum stað.

Lýsandi heiti sem eiga við aðeins einn stað má stundum túlka sem sérnafn. Því er valfrelsi í rithætti eftirtalinna orða:

norðurpóll/Norðurpóll • suðurpóll/Suðurpóll • Norðurheimskaut/ norðurheimskaut • suðurheimskaut/Suðurheimskaut

Ath. Á sama hátt má hugsa sér að *miðbálendi* geti verið sérheiti (*Miðbálendi*) en mælt er með litlum staf.

b. Ef síðari liður í samsettu örnefni er samnafn er hann ritaður áfastur fyrri liðnum (án bandstriks) og með litlum upphafsstaf (til dæmis *Reykjavík*, *Miklabraut*). Hins vegar getur leikið vafi á því hvort slíkur liður er samnafn eða sérnafn:

Efribakki/Efri-Bakki • Syðrigrund/Syðri-Grund • Ystihóll/Ysti-Hóll

Í tilvikum sem þessum er ráðlegt að fylgja mál- og ritvenju á hverjum stað, sé þess kostur.

2.3.6.4 Nefndir, ráð, deildir, svið og ráðuneyti bera oft lýsandi heiti:

barnaverndarnefnd • félagsvísindasvið • kjararáð

Slík heiti má líta á sem samheiti/tegundarheiti og rita með litlum upphafsstaf. Um leið má líta á þau sem sérheiti og rita með stórum upphafsstaf:

Barnaverndarnefnd • Félagsvísindasvið • Kjararáð

Ólík túlkun þess konar orða kemur fram í setningum eins og:

Í Reykjavík er barnaverndarnefnd og hún heitir Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Í Háskóla Íslands er ein lagadeild og hún heitir Lagadeild.

Á Íslandi er hæstiréttur sem heitir Hæstiréttur Íslands.

Á Íslandi er stjórnarráð samsett úr mörgum ráðuneytum.

Það heitir Stjórnarráð Íslands.

Þegar heiti slíkra nefnda, ráða, deilda, sviða og ráðuneyta eru rituð er brýnt að huga að hefð og samræmi. Til dæmis er hefð innan opinberrar stjórnsýslu að líta á þessi orð sem samheiti og rita til dæmis *kjararáð* og *mennta- og menningarmálaráðuneyti* með litlum upphafsstaf.

2.3.6.5 Lýsandi orð geta verið hluti sérnafns; til dæmis:

Héraðssambandið Skarphéðinn • Karlakórinn Þrestir • Knattspyrnufélagið Fram • Sveitarfélagið Árborg • Verkakvennafélagið Sókn • Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar • Verslunin Brá • Víðavangshlaup ÍR

Slík heiti má líta á sem samheiti/tegundarheiti og rita með litlum upphafsstaf:

héraðssambandið Skarphéðinn • karlakórinn Þrestir • knattspyrnufélagið Fram • sveitarfélagið Árborg • verkakvennafélagið Sókn • verðlaun Jónasar Hallgrímssonar • verslunin Brá • víðavangshlaup ÍR

Þegar slík heiti eru rituð er brýnt að huga að hefð, samræmi og formlegri skráningu heitisins, sé þess kostur. Einnig þarf að gæta þess að lýsandi orð eru ekki alltaf hluti af skráðu sérheiti, til dæmis er orðið *verslunin* ekki hluti af nafni *Melabúðarinnar*. Því væri rangt að skrifa *Verslunin Melabúðin*.

3. Eitt orð eða fleiri

3.1 Samsett orð

3.1.1 Fyrri hluti er nafnorð

Fyrri hluti í samsettu orði er jafnan eitt af þrennu: stofn (*ráð|gjöf*), stofn með tengistaf (*ráðu|nautur, leikfimis|föt*) eða orð í eignarfalli (*ráðs|maður*).

brúðgumi • jarðhús • mettap • nettóhækkun • núllkostur • salsatónlist • radíó-
neyðarbauja • dúndurhress • máttvana • vinsæll • hártoga • húsvitja • tæknifrjóvga
• persónugera

fylgihnöttur • ráðuneyti • ruslafata • leikfímiskennari • hoppuróla • drekkutími

alþjóðasamtök • aufúsugestur • Blaalónshlaupið • efnagreina • eftirlætisréttur •
farartæki • fimmtungsaukning • fyrirmyndarfjölskyldufaðir • hálfársdvöl •
heildaratkvæðagreiðsla • heildarfjöldi • heildsdagsvistun • helgarátak • helmings-
afsláttur • helmingseigandi • hlutafé • hægletismaður • innskráningargluggi •
kaldastríðsástand • kaldavatnskrani • langtímaskuldir • nútímatækni • nútíma-
umhverfishugsun • nýttiskufatnaður • stundarvandræði • örbylgjuskyndiréttur •
vikufyrirvari

3.1.2 Fyrri hluti er af öðru tagi

Fyrri hluti orðs getur verið lýsingarorð (*langatöng*), atviksorð (*undanfari*), forsetning (*framkoma*), forskeyti (*örmagna*) eða forliður (*aðalinngangur*). Þegar lýsingarorð veikrar beygingar er fyrri liður er það oft beygt (*um löngutöng*).

skrælpurr • strangvísindalegur • glaðlyndur • vandvirkur • rösklega • langatöng •
langavitleysa • Miklabraut • lítillækka

aðferð • atferli • áburður • framkoma • frammistaða • fráfarur • fyrirskipun •
hjáseta • innantökur • innivera • meðmæli • tilburðir • útför • útilega • undanfari •
uppgjöf • uppgreiðsla • viðkoma • viðkvæmur • viðurlög • yfirmaður •

aftanákeyrsla • aftanívagn • framámaður • framhjáhald • framícall • framúrakstur • fyrirframgreiðsla • uppáhald • uppástunga • utanumhald • útafakstur • útásetning • innlendur • uppiskroppa • mótdrægur • svolítill • aðskilja • afsanna • íhuga • innihalda • samanstanda • millifæra

aðalinngangur • andstæðingur • formaður • jafnvægi • meginágreiningur • meginland • meginregla • ósannindi • samskeyti • sérframboð • vanvirða • umboð • algóður • allgóður • auðsveipur • frumstæður • gagnstæður • gegndrepa • jafnlyndur • torlæs • sífelldur • vanmegnugur • öndverður • örmagna • fullmikill • hálfundarlegur • langstærstur • misheppnaður • endurúthluta • gerbreyta • gjörbreyta • misbjóða

3.1.3 Áhersluforliðir

Oft er nafnorði í eignarfalli skeytt framan við nafnorð, lýsingarorð eða atviksorð til að auka vægi eða herða á merkingu þess:

afragðsmaður • ágætismaður • óskapahiti • úrvalshveiti • aftakaveður • blæjalogn • myndardrengur • fjöldamargir • forkunnarfagur • furðugóður • óhemjuvandaður • óvenjugóður • roknagóður • undragóður • uppátektarsamur • óhemjuilla

3.1.4 Ritun í aðskildum orðum

Orðasambönd með fyrri lið í þágufalli eru yfirleitt rituð í tveimur orðum.

fjöðrum fenginn • goðum líkur • sigri hrósandi

Samkvæmt hefð eru heiti íslenskra fornsagna rituð í aðskildum orðum.

Bárðar saga • Brennu-Njáls saga • Egils saga Skalla-Grímssonar • Ögmundar þáttur dytts

3.2 Forliðir

Orðin *afar*, *of* og *ofur* skal rita áföst nafnorðum og sagnorðum en laus frá lýsingarorðum og atviksorðum. Einnig er heimilt að rita *jafn* laust frá lýsingarorðum og atviksorðum:

afarkostir	afar vel, afar stór
offramleiðsla, ofnota	of oft, of lítill
ofurmenni	ofur glaðlega, ofur einfaldur

Hann hefur aldrei verið jafn góður (einnig: jafngóður) og núna.
Jóna fór jafn oft (einnig: jafnoft) til Akureyrar og Jón.

3.3 Lýsingarorð dregin af sögn

Rita skal í einu orði lýsingarorð sem dregin eru af sögn og hafa atviksorð sem fyrri lið:

áðurgreindur • áðurnefndur • eftirágreiddur • eftirfarandi • eftirfylgjandi •
eftirkomandi • eftirlifandi • framanritaður • framansagður • framkominn •
framúrskarandi • fullunninn • fyrirframákveðinn • fyrrgreindur • fyrrnefndur •
fyrirtalinn • heittelskaður • innilokaður • niðursokkinn • núgildandi •
næstkomandi • næstliðinn • ofandottinn • ofangreindur • ofan-nefndur •
ofantalinn • óviðkomandi • samansaumaður • síðastliðinn • skjótafgreiddur •
sundurgrafinn • svofellur • svohljóðandi • svokallaður • svonefndur • tilsettur •
undanfarandi • undanfarinn • uppáfallandi • uppáklæddur • uppiliggjandi •
uppistandandi • uppstoppaður • utanaðkomandi • utanaðsteðjandi •
utanáliggjandi • úrsérgenginn • útafliggjandi • útúrdrukkinn • yfirstandandi •
þágildandi

Þegar skýr áhersla er á hverjum lið og hægt er að breyta orðaröð án þess að grunnmerk-
ing liða breytist þá eru þessi sambönd ekki rituð sem ein heild.

áður afskrifað • vel greiddur • vel syndur • þar að lútandi • þar af leiðandi

3.4 Töluorð og fornöfn

3.4.1 Sambönd töluorða

Orðasambönd með töluorðum eru rituð í aðskildum orðum.

átján barna faðir • eins hreyfils flugvél • eitt hundrað þrjátíu og sjö • fimm
þúsund króna seðill • fjórða parts nóta • fyrsta maí ganga • nítjándu aldar skáld •
sautjándi júní hátíðarhöld • sjö vikna fasta • tólf spora kerfi • tuttugu og tveir •
tveggja flokka fyrirkomulag • tvö þúsund þrjú hundruð fimmtíu og níu •
sjötugasti og annar • tvö þúsund fjögur hundruð sextugasti og fyrsti • þriggja daga
skegg

Einstaka sinnum renna þó töluorð og nafnorð í eignarfalli í eina heild með eftirfarandi
nafnorði þannig að heildarmerking orðsins verður önnur en einstakra liða.

fimmaurabrandari • sjömilnaskór • Sjöorðabókin • þúsundblaðarós • þúsundþjalasmiður

3.4.2 Sambönd fornafna

Fornafnasambönd eru rituð aðskilin.

annar hver • annar hvor • annar tveggja • hvor tveggi • hvor tveggja

3.5 Aukafallsliðir

Ýmis fallorð í aukafalli með atvikslega merkingu skal rita í samræmi við uppruna, þ.e. hvert orð út af fyrir sig. Þau vísa gjarnan til tíma, staðar eða háttar.

lítills háttar • meiri háttar • mikils háttar • minni háttar • þess háttar; alls konar • einhvers konar • eins konar • hvers konar • margs konar • nokkurs konar • sams konar • tvenns konar • ýmiss konar; alls kostar; alls kyns • hvers kyns • margs kyns • þess kyns; eitt sinn; einhverju sinni • einu sinni • hverju sinni • nokkru sinni; alls staðar • annars staðar • einhvers staðar • nokkurs staðar • sums staðar; einhvern tíma(nn) • nokkurn tíma(nn); annars vegar • hins vegar; einhvern veginn • engan veginn • nokkurn veginn

Orðið *megin* er ritað áfast undanfarandi nafnorði ef nafnorðið er samnafn án greinis.

aðaldyramegin • bakborðsmegin • bakdyramegin • bílstjóramegin • brekkumegin • farþegamegin • gjaldamegin • hlémegin • karlamegin • kvennamegin • sjávarmegin • sólarmegin

Annars er orðið *megin* ritað laust frá undanfarandi orði.

austan megin • barnanna megin • báðu megin/báðum megin • réttum megin • sunnan megin • vitlausum megin • þeim megin • þín megin • Þýskalands megin • öðru megin/öðrum megin • öðru hvoru megin/öðrum hvorum megin

3.6 Atviksorð og forsetningar

3.6.1 Samband atviksorðs með öðru atviksorði eða forsetningu

Atviksorð geta myndað merkingarlega heild með öðru atviksorði eða forsetningu. Meginreglan er að rita hvert orð út af fyrir sig.

aftur í • á meðal • á milli • baka til • enn þá • enn fremur • fram hjá • fram úr • fyrir fram • hér með • inn í • niður frá • norðan til • suður í • sunnan til • sunnan við • utan um • út af • út frá • út undan • yfir um • þar að auki o.s.frv.

Frá þessu eru þrjár undantekningar:

áfram • meðfram • umfram

3.6.2 Forsetning og stýrður liður

Forsetningu skal rita lausa frá því orði sem hún stýrir falli á, hvort sem hún fer á undan því eða eftir.

hvers vegna • þess vegna • vegna þess • til þess að • af því að

3.7 Samtengingar

Ef samtenging er orðin til úr fleiri en einu orði skal rita hvert orð út af fyrir sig.

af því að • áður en • eftir að • enda þótt • fyrr en • heldur en • hvaðan er • hvaðan sem • hvar sem • hvert sem • með því að • svo að • til þess að • úr því að • þangað sem • þar eð • þar sem • þó að • því að

3.8. Valfrelsi

3.8.1 Orðasamband eða hugtak

Ekki er alltaf greinilegt hvenær tvö orð eða fleiri hafa runnið saman í eina heild. Tvö orð geta myndað eina heild þegar þau sameinast þriðja orði í einu hugtaki með einni aðaláherslu fremst. Þá eru öll orðin oft rituð sem ein heild.

3.8.2 Fyrri liður er atviksorð

Valfrjálst er hvort nokkur orð eða orðasambönd með atviksorði og nafnorði í eignarfalli eru rituð í einu eða tveimur orðum. Ef orðasambandið er hluti af frekari samsetningu eru öll orðin ávallt rituð sem ein heild.

innan bæjar	innanbæjar	innanbæjarmaður
innan lands	innanlands	innanlandsflug
neðan jarðar	neðanjarðar	neðanjarðarlest
utan borðs	utanborðs	utanborðsmótor

utan húss	utanhúss	utanhússmálning
utan skóla	utanskóla	utanskólanemandi

Þegar valið er milli ritháttarins *innan bæjar* o.s.frv. og *innanbæjar* o.s.frv. er mælt með því að áhersla fái að ráða; sé skýr áhersla á síðari lið er mælt með rithætti í tveimur orðum.

3.8.3 Fyrri liður er lýsingarorð

Valfrjálst er hvort nokkur sambönd lýsingarorðs og nafnorðs eru rituð í einu eða tveimur orðum. Ef orðasambandið er hluti af frekari samsetningu eru öll orðin ávallt rituð sem ein heild.

Gamla testamentið	Gamlatestamentið	Gamlatestamentisspámaður
heiðinn dómur	heiðindómur	
hægri flokkur	hægri flokkur	hægri flokkastjórn
hægri fótur	hægri fótur	hægri fótarkálfi
hægri menn	hægri menn	
hægri stjórn	hægri stjórn	
kristin fræði	kristin fræði	kristin fræðikennari
kristinn dómur	kristinn dómur	kristinn dómsfræðsla
litli fingur	litli fingur	litli fingursnögl
meiri hluti	meiri hluti	meiri hlutastjórn
mikli hvellur	mikli hvellur	mikli hvellskenningin
æðsti prestur	æðsti prestur	æðsti preststíð

Þegar valið er milli ritháttarins *Gamla testamentið* o.s.frv. og *Gamlatestamentið* o.s.frv. er mælt með því að áhersla fái að ráða; sé skýr áhersla á síðari lið er mælt með rithætti í tveimur orðum.

3.9 Áhrif setningarlegrar stöðu

Orð og orðasambönd geta fengið mismunandi áherslu eftir því hvar þau standa í setningu. Þetta á til dæmis við lýsingarorð og lýsingarhætti sem eðlilegt virðist að rita í einu orði þegar þau standa sem einkunn með nafnorði, en í tveimur orðum þegar þau gegna hlutverki sagnfyllingar.

Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson er **svo nefnt** því að við vildum heiðra minningu hins þekhta fiskifræðings og frumkvöðuls í hafrannsóknum. – Í skipinu

er **svonefndur** fellikjölur sem hægt er að slaka nokkra metra niður úr botni skipsins.

Hinn **goðumlíki** Akkilles. – Akkilles er **goðum líkur**.

4. *hv* og *kv*

4.1 Í fornu máli var gerður greinarmunur í framburði á *hv* og *kv* í upphafi orða. Þessi greinarmunur er nú horfinn úr máli meirihluta landsmanna og orð sem áður höfðu *hv* eru nú borin fram með *kv*. Þessi greinarmunur er þó enn gerður í stafsetningu. Oft getur reynst nauðsynlegt að leita stuðnings í orðabók um hvort rita skuli *hv* eða *kv*.

4.2 Fornöfn og spurnarorð eru ætíð rituð með *hv*:

hvað • hvaða • hvaðan • hvar • hvenær • hver • hvernig • hversu • hví • hvílíkur •
hvor • hvort

4.3 Gætið sérstaklega að þessum orðapörum:

hvalir (dýrategund)	kvalir (þrautir)
hvelja (húð)	kvelja (pína)
hver (uppspretta)	kver (lítill bók)
hviða (roka)	kviða (kvæði)
hvikar (hörfa, hoga)	kvika (so. hreyfast, no. hold)
hvísl (hljóðskraf)	kvísl (grein)

5. *é, je* og *e*

Þar sem *je* heyrir í framburði er ýmist ritað *é, je* eða *e*. Í flestum tilvikum er ritað *é*, en um undantekningar frá því er fjallað í greinum 5.2–5.4.

5.1 *é* er almenna reglan

Ritað er *é* fyrir hljóðasambandið *je* þar sem í eldra máli var (oftast nær) langa sérhljóðið *é*, til dæmis:

ég • él • fé • fékk • féll • hérað • mér • sér • séra • vér • vél • þér

5.2 *je* er ritað í upphafi aðkomuorða og í fleirtölu nafnorða sem enda á *-jandi*

5.2.1 Ritað er *je* í upphafi nokkurra orða af erlendum uppruna:

je minn • Jemen • jen • Jenna • Jenný • Jens • jeppi • Jeremías • Jesaja • Jesper • jesúíti • Jesús • jesúsa (sig)

5.2.2 Ritað er *je* í fleirtölu nafnorða sem í eintölu enda á *-jandi* og í orðinu *fjandi*:

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	byrjandi	seljandi	syrgjandi	sækjandi	þiggjandi	fjandi
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	byrjendur	seljendur	syrgjendur	sækjendur	þiggjendur	fjendur
	ÞF. (<i>um</i>)	byrjendur	seljendur	syrgjendur	sækjendur	þiggjendur	fjendur
	ÞGF. (<i>fjá</i>)	byrjendum	seljendum	syrgjendum	sækjendum	þiggjendum	fjendum
	EF. (<i>tí</i>)	byrjenda	seljenda	syrgjenda	sækjenda	þiggjenda	fjenda

5.3 *e* er ritað á eftir *k* og *g*

Ritað er *ke* og *ge* þó að *j*-hljóð heyrir í framburði:

kefli • kekkjóttur • kela • kelda • ker • kex
gedda • gel • geldfé • gemsí • gen • gera • geta

Undantekning er *két* sem ritað er með *é*, en má þó einnig rita *kjet* (sbr. 5.4.1) Um *ke* og *ge* er einnig fjallað í kafla 10 um *j*.

5.4 Valfrelsi

5.4.1 Orðin *két*, *smér*, *fégur* eða *kjet*, *smjer*, *fjegur*

Valfrjálst er hvort ritað er *két*, *smér*, *fégur* eða *kjet*, *smjer* og *fjegur*. Ritháttur með *je* endurspeglar að í þessum orðum hefur gamalt *jö* orðið *je* (sbr. *kjöt*, *smjör*, *fjögur*). Ritháttur með *é* er hins vegar í samræmi við almenna reglu um táknun hljóðasambandsins *je*.

5.4.2 *eta* eða *éta*

Valfrjálst er hvort ritað er *eta* eða *éta* en blæbrigðamunur þykir á merkingunni.

5.4.3 *vefengja* eða *véfengja*

Valfrjálst er hvort ritað er *vefengja* eða *véfengja*.

5.4.3 Nokkur mannanöfn

Nokkur mannanöfn eru ýmist rituð með *é* eða *e/je* þó að *é* sé algengara:

Gréta eða *Greta* • *Grétar* eða *Gretar*

Pétur eða *Pjetur*.

Eðlilegt er að taka tillit til vilja nafnbera í þessu efni.

5.5.4. Þátíð sagnanna *gróa*, *núa* (*gnúa*), *róa* og *snúa*

Valfrjálst er hvort þátíð sagnanna *gróa*, *núa* (*gnúa*), *róa* og *snúa* er rituð með *e* eða *é*:

greri eða *gréri* • *neri* eða *néri* • *rerri* eða *réri* • *sneri* eða *snéri*

Ritháttur með *e* er í samræmi við uppruna, en *é* fylgir nútímaframburði.

6. Sérhljóðar á undan *ng* og *nk*

Víðast hvar á landinu er nú borinn fram breiður sérhljóði á undan *ng* og *nk*. Stafsetning miðast hins vegar við eldri framburð sem enn tíðkast að nokkru leyti á Vestfjörðum.

6.1 *a, e, i/y, u* og *ö* á undan *ng/nng* og *nk/nnk*

Á undan *ng* og *nk* er ritað *a, e, i/y, u* og *ö* þótt borið sé fram *á, ei, í, ú* og *au*.

ang	angi • banginn • einangra • fangelsi • hanga • langa • Mangi • rangali • slanga • svangur • tangó • vangi • þang
ank	ankeri • banki • blankalogn • dankast • franki • kankvís • planki • skankar • tankur • vankaður
eng	brengr • drengur • engifer • englar • gengur • hengsli • kengur • ílengja • lengi • rengla • slengja • sprengja • tengdur • þrengsli
enk	krenkja • skenkja • skenkur • þenking
ing	Alþingi • aumingi • bingó • bringa • dordingull • fingur • glingur • hringur • -ing (t.d. <i>æfing</i>) • Ingólfur • kringing • ringlaður • stingur • svings
yng	dyngja • lyng • syngja • þyngd • ynging
yngg	kynngi
ink	finka • klink • linkur • linkulegur • minkur • pinkill • pinkulítil • sink • tinktúra • vinka
innk	minnka
ynk	dynkur
ynnk	þynnka
ung	lunga • klungur • ungur • þungur
unk	aðjunkt • bunki • lunkinn • sunka
öng	göng • göngur • löng • spöng • þröngur
önk	fönk • hönk • þjönkur • pönkari • tönkum (af <i>tankur</i>) • þönkum (vera í þungum þönkum, af <i>þanki</i>)

Skrifa skal hins vegar breiðan sérhljóða á undan *ng* og *nk* ef uppruni styður það.

brúnka (af *brúnn*) • jánka (af *já*) • kveinka (af *kvein*) • sínkur (af *sín*) • Sveinki (af *Sveinn*) • Svínka (af *svín*)

ráingirni (rán + girni) • túngarður (tún + garður) • vinkona (vinur + kona)

Athugið að ritað er *hégum*, *-uð*, *-u* (þátíð fleirtölu af sögninni *hangá*).

6.2 o, ó og æ á undan *ng* og *nk*

Aðrir stafir á undan *ng* og *nk* eru alltaf ritaðir í samræmi við framburð.

ong bongótromma • gong • Hong kong • kongóskur • kvongast • Mongólía • sarong

onk bronkítis • konkretljóð • tonkabaun

óng kónguló • kóngur

ónk tjónkun • þjónka

æng Klængur • sæng • vængja

ænk frænka • grænka • vænkast

Þetta gildir einnig í samsettum orðum:

bóngóður (bón + góður) • tónkvísl (tón + kvísl) • grængresi (græn + gresi) •
grænkál (græn + kál)

7. Sérhljóðar á undan *gi* og *gj*

Ólíkum sérhljóðum er haldið aðgreindum í rithætti á undan *gi* og *gj* þótt munur þeirra heyrir aðeins í máli lítills hluta landsmanna.

Ritháttur	Framburður	Dæmi
a eða æ	æ/aj	agi – ægir
e eða ei	ei/ej	vegi (af vegur) – leigja
i eða í	í/ij	stigi – vígi
y eða ý	í /ij	lygi – drýgja
ö eða au	au/öj	lögin (af lög) – laugin (af laug)
o	oj	bogi
u	uj	hugi

Oftast má finna upprunalegt sérhljóð með því að finna stofn orðsins, með því að skoða aðrar beygingarmyndir þess eða leita skyldra orða þar sem sérhljóðið er ekki á undan *gi* eða *gj*. Þar heyrir hvort rita á grannan eða breiðan sérhljóða.

Þegar borið er fram skýrt *ó* eða *ú* á undan *gi* eða *gj* er ritað svo, til dæmis *krógi*, *nógir* (af *nógur*), *múgi*, *smjúgi* (af *smjúga*).

Athugið að þegar ritað er *gi* og *gj* heyrir *g*-hljóðið ekki, heldur *j*. Það þarf því að leita þess í öðrum myndum, sjá 8.

Fallorð

Grannur sérhljóði: agi (sbr. aga) • hagi (sbr. haga) • hagir (sbr. hagur) • lagi (sbr. lag) • laginn (sbr. lagnir, laga) • magi (sbr. maga) • ragir (sbr. ragur) • degi (sbr. dag) • duglegi (sbr. duglegur) • fallegir (sbr. fallegur) • feginn (sbr. fegnir, fagna) • legi (sbr. lögur) • leiðinlegir (sbr. leiðinlegur) • tregir (sbr. tregur) • þegi (sbr. þega, t.d. blóðþega) • landsiginu (sbr. landsig) • stigi (sbr. stiga) • boginn (sbr. bognir) • logi (sbr. loga) • togið (sbr. tog) • vogi (sbr. vog, vogur) • áhugi (sbr. áhuga) •

duginn (sbr. dug (af dugur)) • flugi (sbr. flug) • kunnugir (sbr. kunnugur) • tuginn (sbr. tugur) • flygildi (sbr. flug, flygi (af fljúga)) • lygi (sbr. lygar) • lyginn (sbr. lygnir, lygar) • drögin (sbr. drög) • fjörugir (sbr. fjörugur) • lögin (sbr. lög) • sögin (sbr. sög)

Breiður sérhljóði: stíginn (sbr. stígur) • bljúgir (sbr. af bljúgar) • hægir (sbr. hægur) • sæginn (sbr. sægur) • drauginn (sbr. draugur) • laugin (sbr. laug) • deigið (sbr. deig) • leigjandi (sbr. leiga) • seigur (sbr. seigur) • teigirnir (sbr. teigur) • veiginn (sbr. veigur) • teyginn (sbr. teygnir) • teygja (sbr. taug)

Veikar sagnir og núpálegar sagnir:

Finna þarf nafnhátt eða aðra orðmynd þar sem sérhljóðið er ekki á undan *gi* eða *gj*.

Grannur sérhljóði: lagið (sbr. laga) • sagið (sbr. saga) • megir (sbr. mega) • segi (sbr. segði, sagt) • þegið (sbr. þagði, þegði) • sligið (sbr. sliga) • sogi (sbr. sogi) • togið (sbr. toga) • athugi (sbr. athuga) • dugir (sbr. duga) • ryksugið (sbr. ryksuga)

Breiður sérhljóði: vígja (sbr. vígði) • lógir (sbr. lóga) • bægja (sbr. bægði) • flægi (sbr. flá, (hann) flær) • hlægja (sbr. hlægði, ath. hlæja er önnur sögn) • hægi (sbr. hægja) • lægir (lægja) • ægja, ægi (sbr. ægði) • eigið (sbr. eiga) • eygja (sbr. eygði)

Ýmist er ritað *tagi* eða *tæi* í af (*ymsu/sama/þessu*) *tagi/tæi*.

Athugið að stundum gefa aðrar beygingarmyndir eða skyld orð ekki nægar eða réttar vís-bendingar. Í eftirfarandi orðum er til dæmis ritaður grannur sérhljóði í öllum beygingar-myndum: *laginn, spegill, snigill, tygja, aktygi, Reginn, Huginn*.

Í *eiginn* og *agir* ritaður breiður sérhljóði í öllum beygingarmyndum.

Sterkar sagnir

Af 1. kennimynd sterkra sagna sést hvort rita á grannan eða breiðan sérhljóða á undan *gi* í nútíðarmyndum þeirra, en af 3. kennimynd má leiða rithátt sérhljóða í viðtengingarhætti þátíðar og lýsingarhætti þátíðar.

Kennimyndir sterkra sagna má finna með því að setja sögnina í samhengi:

Sterkar sagnir: **að** bíta – **ég** beit – **við** bitum – **ég hef** bitið

1. kenni- mynd	3. kenni- mynd	nú tíðar- myndir	viðtengingar- háttur þátíðar	lýsingarháttur þátíðar
hníga	hnigum	hnígið, hnígi	hnigi, hnigjum	hniginn
míga	migum	mígið, mígi	migi, migjuð	miginn
síga	sigum	sígið, sígi	sigi, sygjum	siginn
stíga	stigum	stígið, stígi	stigi, stigjum	stiginn
fljúga	flugum	fljúgið, fljúgi	flygi, flygjum	floginn
ljúga	lugum	ljúgið, ljúgi	lygi, lygjuð	loginn
sjúga	sugum	sjúgið, sjúgi	sygi, sygjuð	soginn
smjúga	smugum	smjúgið, smjúgi	smygi, smygjum	smoginn

Í nokkrum sögnum gefa kennimyndirnar ekki skýrar leiðsögn um þátíðarmyndir. Þær þarf að læra sérstaklega:

1. kenni- mynd	3. kenni- mynd	nú tíðar- myndir	viðtengingar- háttur þátíðar	lýsingarháttur þátíðar
draga	drógum	dragið, dragi	drægi	dreginn
vega	vógum	vegið, vegi	vægi	veginn
liggja	lágum	liggið, liggi	lægi	leginn
þiggja	þágum	þiggið, þiggi	þægi	þeginn
slá	slógum	sláið, slái	slægi	sleginn
hlæja	hlógum	hlæið, hlæi	hlægi	hleginn

8. *f* eða *v*

8.1 Aðalregla

Skýr munur er á framburði *f* og *v* í upphafi orða og upphafi síðari liðar í samsettum orðum. Inni í orði fellur framburður þeirra hins vegar oftast saman. Í sumum aðkomuorðum og nöfnum heyrir þó munur á framburði þessara hljóða inni í orði og er þá framburði fylgt um ritun.

- Í upphafi orðs eða upphafi síðari liðar í samsetningu ► ritað er eftir framburði (sjá grein 8.2)
- Ef *f* eða *v* inni í orði heyrir eingöngu í sumum beygingarmyndum ► ritað er *v* (sjá grein 8.3.1)
- Ef vafahljóðið er í viðskeyti ► ritað er *v* (sjá grein 8.3.2)
- Ef *f* eða *v* er inni í orði, tilheyrir rót og helst í allri beygingu ► ritað er *f* (sjá grein 8.3.3)
- *f* eða *v* í aðkomuorðum ► yfirleitt er fylgt framburði um ritun (8.3.4)
- Ef vafahljóðið er á undan *g* eða *k* ► ritað er eftir uppruna (sjá grein 8.3.5)

8.2 *f* eða *v* í upphafi orðs eða upphafi síðari liðar í samsetningu: ritun fer eftir framburði

Ritað er *f* eða *v* eftir framburði í upphafi orðs eða upphafi síðari liðar í samsetningu.

fara – vara

fer – ver

ferð – verð

fíl – víl

fæla – væla

ófæra – óværa

tilboðsferð – tilboðsverð

8.3 *f* eða *v* inni í orði

Inni í orði fellur framburður *f* og *v* yfirleitt saman og er þá ekki hægt að hafa stoð af framburði við ritun (sjá þó 8.3.5). Eftirfarandi reglur eru um ritun slíkra vafahljóða.

8.3.1 Ef *v*-hljóð heyrir eingöngu í sumum beygingarmyndum skal rita *v*

Ef *v*-hljóð heyrir eingöngu í sumum beygingarmyndum skal rita það með *v*.

mávi, mávar (már) • sjávar (sjár) • snævi, snævar (snær) • stöðvar, stöðvum, stöðva (stöð) • sævi, sævar (sær) • sölvum, sölvu (söl) • söngvar, söngvum, söngva (söngur) • örvar, örvum, örva (ör)

8.3.2 Ef *v*-hljóð heyrir í viðskeyti skal rita *v*

Í viðskeytum orða skal rita *v*. Dæmi um orð með viðskeyti eru *höggva* (sbr. *högg*) og *frævill* (sbr. *fræ*).

atgervi • Böðvar • bölv • bölvu • fjörvi • frævill • frævun • fölskvi • glöggva • gervi • gerviefni • hrökkva • hvaðanæva • höggva • klökkvi • mjölvi • myrkvi • myrkvun • mölva • möskvi • njörva • Njörvi • nýsnævi • nökkvi • ofurölvi • rökkva • Röskva • skrökva • slæva • slökkvari • slöngva • stöðvun • stökkva • Tryggvi • tvisvar • tölva • uppgötvun • vöðvi • vökvi • völva • Yngvi • þrisvar • þröngva • ölvadur • örva

8.3.3 Ef *v*-hljóð tilheyrir rót skal rita *f*

Skrifa skal *f* ef vafahljóð inni í orði tilheyrir rót og helst í öllum myndum orðsins.

andæfa • arfi • auðæfi • álfur • efstur • erfiður • gæfa • hafa • hrjúfur • hverfa • kálfur • leyfi • lófi • morfín • skræfa • öræfi

Athugið að ritað er *æva*-, *ævagamall*, *ævi*, *ævinlega*, *ævintýri*.

Hliðarmynd við *már* er *máfur*.

8.3.4 Í aðkomuorðum fer ritun *f* og *v* eftir framburði

Í aðkomuorðum er stundum munur á framburði *f*(*f*) og *v* inni í orði á milli sérhljóða eða á eftir samhljóði. Yfirleitt er fylgt framburði við ritun: Þegar *f* er borið fram skal rita *f* en annars *v*.

Afríka • efidrín • endorfín • grafík • katastrofa • safír • slaufa (einnig *slauffa*) • sófi (einnig *sóffi*) • sýfilis

buff • diffra • gaffall • gíraffi • graffari • gúffa • kaffi • koffort (einnig *keofort*) • múffa • offra • ríffill • saffran • siffon • skúffa • Soffía • töffari

aktívur • akvamarín • avókadó • bavíani • bevís • bolsévíki • bossanóva • bravó • dívan • dravídi • Eva • evra • Evrópa • farvi • gvava • Júgóslavía • kavalér • kíví • levíti • Malaví • Moldavía • ólívía • prívát • próvólónesostur • revía • savannabelti • salvi • slavi • Taívan

Ýmsar undantekningar eru þó frá því að framburði sé fylgt um ritun aðkomuorða, t.d. *trafali*, *moldóvskeur*, *neutróna*.

8.3.5 Ef *v*-hljóð fer á undan *g* skal fara eftir uppruna um ritun þess

Ef *v*-hljóð fer á undan *g* inni í orði er ritað *f* ef það er í stofninum sem orðið er leitt af. Sjá einnig 11:

göfga, göfgi (af *göfugur*) • höfgi (af *höfugur*) • lífga, lífgun (af *líf*) • laufgast (af *lauf*) • þýfga (af *þjófur*, sbr. *þýfi*)

Athugið að ritað er *v* í orðunum *frjónga*, *frjóngun* (af *frjór*) og *sljónga* (af *sljór*) af því að *v*-hljóðið þar tilheyrði upprunalega viðskeyti.

8.4 *f* eða *v* í nöfnum

Valfrjálst er hvort ritað er *v* eða *f* í eftirfarandi nöfnum:

Elva	Elfa
Elvar	Elfar
Gústav	Gústaf
Jörvi	Jörfi
Svava	Svafa
Svavar	Svafar

Nauðsynlegt er að gæta að þeim rithætti sem nafnberar viðhafa sjálfir.

8.5 *fl* – *bl* – *ffl* – *vl*

Orð sem borin eru fram með *bl* eru vanalega rituð með *fl*.

afl • dauðyfli • dufl • Dyflinni • efla • fafla • fíflast • kartafla • kefla • tafl • truflun • vafla

Athugið að ritað er *dýflissa* og *karafra* þótt þessi orð séu ýmist borin fram *fl* eða *bl*.

Nokkur orð hafa ritháttinn *bl* og eru þau annaðhvort aðkomuorð, t.d. *rúbla*, eða hljóðlíkingar, t.d. *babl*.

babl • babla • Biblía • dobl • dobla • mubla • obláta • rúbla

Flest orð sem borin eru fram með *fl* inni í orði eru rituð með *ffl*.

múfflonfé • riffra • riffraður • rafflesía • taffra • truffli • vaffra • vöfflujárna

Athugið að ritað er *teflon*.

Orðið *rövl* og skyld orð (*rövla*, *rövlari*) er ritað þannig.

8.6 *fn/m*

Orð sem borin eru fram með *bn* eru rituð með *fn*. Undantekning er orðið *þybbni*.

áhöfn • efni • hrafn • höfn • jafn • nefna • ofn • rifna • safna • sofna • stofnun • svefn • tyrfni

Í þátíð og lýsingarhætti þátíðar af sögnum með *fn* í nafnhætti skal rita *fn* þótt það sé borið fram sem *m*.

efndi, efnt (af *efna*)

hefndi, hefnt (af *hefna*)

nefndi, nefnt (af *nefna*)

Sama máli gegnir um nafnorð leidd með tannhljóðsviðskeyti af þessum sögnum, svo og hvorugkynið af lýsingarorðinu *jafn*.

efndir • hefnd • nefnd • jafnt

9. g

9.1 Aðalregla

Bókstafurinn *g* táknar ólík hljóð eins og heyrast til dæmis með samanburði orðanna *gala* og *laga*. Yfirlit yfir helstu tilbrigði:

- *grunur* og *gefa*: Hér er lokhljóð, sem myndast þannig að tungan leggst alveg upp að gómnum örskamma stund og lokar þannig fyrir allt loftstreymi.
- *saga* og *sagt*: Hér er önghljóðs-*g*, sem myndast þannig að loftið smýgur út gegnum öng (þrengsli) og nokkurs konar hvæs heyrast.
- *skóg* og *birgðir*: Hér heyrast oft ekkert *g*-hljóð, eða mjög dauft.
- *segja*, *laugin* og *skógi*: Hér heyrast *j*-hljóð.
- Ekki heyrast alltaf munur á *g* og *gg* í framburði, til dæmis á undan öðrum samhljóða í *sagt* og *bygg*.
- Í framburði geta *g* og *l* eðan *n* í hljóðasamböndunum *gl* og *gn* víxlast og *g* orðið mjög ógreinilegt, til dæmis í *rign****di*** og *sig****ldi***.

Reglur um ritun *g* eru nokkuð mismunandi eftir því hvort í hlut eiga nafnorð og lýsingarorð, veikar sagnir eða sterkar sagnir. Algengast er að rita *g* í öllum myndum orðs ef það heyrast í einhverri beygingarmynd þess, en oft þarf að leita skyldra orða. Í allmörgum sögnum er þó *g* í sumum beygingarmyndum en ekki öðrum. Gæta þarf sérstaklega að stafavíxlum og hljóðaumhverfi þar sem *g* er sérlega ógreinilegt.

9.2 *g* heyrast oft illa eða ekki á eftir *á*, *ó* og *ú*, einnig á undan *i* og *j*

Á eftir *á*, *ó* og *ú* og á undan *i* og *j* þarf oft að leita að öðrum beygingarmyndum eða skyldum orðum til að finna hvort rita *á* *g*. Ef það dugir ekki þarf að leita til orðabóka.

Ef uppfléttimynd nafnorða og lýsingarorða í orðabók hefur *g* er það ritað í öllum beygingarmyndum, t.d. *bljúgir* af *bljúgur* og *brúgur* af *brúga*. Í flestum sögnum er ritað *g* í öllum myndum ef það heyrast í einhverri beygingarmynd eða finnst í skyldu orði. Athuga þarf sérstaklega þátíðarmyndir sagnanna *þiggja* (sjá 9.5.2), *flá*, *slá* og *hlaja* (sjá 9.6.4) og *draga*, *liggja* og *vega* (sjá 9.6.3).

9.2.1 *g* eða ekki á eftir *á*, *ó* og *ú*

Á eftir *á*, *ó* og *ú* heyrir varla eða ekki *g*. Það er til að mynda ekki framburðarmunur á orðunum *lóga* (‘aflífa’) og *lóa* (fugl). Athuga þarf sérstaklega að *f* getur líka verið ógreinilegt á eftir þessum hljóðum þannig að *lófa* (af *lójfi*) hljómar líka eins og þessi orð. Leita þarf annarra beygingarmynda eða skyldra orða og oft þarf að styðjast við orðabók:

bljúgur • bjúga • fágaður • hógvær • hrúga • krógi • kúga • lóga • ljúga • lúga •
nógur • plága • skógur • slóg • þágufall

Ath. að *nógu* (sbr. *nógu mikid*) hljómar stundum í framburði „nó“. Ekki skal rita „nógu og“.

9.2.2 *g* eða ekki á undan *i* og *j*

Á undan *i* og *j* heyrir ekki hvort *g* er í stofni. Ekki er framburðarmunur á orðunum *ai* (upphrópun) og *agi* (þolfall/þágufall af *agir*). Leita þarf annarra beygingarmynda eða skyldra orða:

baugi (sbr. *baugur*) • lygi (sbr. *lygar*, *lygasaga*) • leigjandi (sbr. *leiga*)

Ef skyld orð finnast ekki þarf að leita í orðabók, sbr. til dæmis *agir*.

9.3 Stafavíxl verða í hljóðasamböndunum *gl* og *gn*

Víxl *gl/lg* og *gn/ng*, með veikum framburði *g* eða brottfalli, verða einkum í þátíð veikra sagna, sbr. *sigldi*, *rigndi* (sbr. *sigla*, *rigna*). Ritháttur er þá eins og í nafnhættinum. Slík víxl koma einnig fyrir í fleiri orðum, til dæmis *gegndarlaus* (sbr. *gegna*). Sjá um stafavíxl í kafla 21.

9.4. Nafnorð og lýsingarorð: Ritað er *g* ef það heyrir í einhverri beygingarmynd orðs eða skyldum orðum.

9.4.1 Ef *g* heyrir í einhverri beygingarmynd orðs er það ritað í öllum beygingarmyndum með og án greinis:

		NAFNORÐ			
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	múgur	lygi	laug	laugin
	ÞF. (<i>um</i>)	múg	lygi	laug	laugina
	ÞGF. (<i>frá</i>)	múgi	lygi	laug	lauginni
	EF. (<i>til</i>)	múgs	lygi	laugar	laugarinnar
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	múgar	lygar	laugar	laugarnar
	ÞF. (<i>um</i>)	múga	lygar	laugar	laugarnar
	ÞGF. (<i>frá</i>)	múgum	lygum	laugum	laugunum
	EF. (<i>til</i>)	múga	lyga	lauga	lauganna

		LÝSINGARORÐ		
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	lágur	nógur	þægur
	ÞF. (<i>um</i>)	lágan	nógan	þægan
	ÞGF. (<i>frá</i>)	lágum	nógum	þægum
	EF. (<i>til</i>)	lágs	nógs	þægs
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	lágir	nógir	þægir
	ÞF. (<i>um</i>)	lága	nóga	þæga
	ÞGF. (<i>frá</i>)	lágum	nógum	þægum
	EF. (<i>til</i>)	lága	nógra	þægs

Fleiri dæmi um orð þar sem *g* er ritað í öllum beygingarmyndum:

NAFNORÐ: dagur • deig • gagn • hagar • leg • logi • lögur • plógur • rúgur • sægur
• tregi • víg

LÝSINGARORÐ: bljúgur • fagur • magur • nægur • ragur • slægur • viljugur

9.4.2 Ritað er *g* ef það heyrir í skyldu orði:

bágindi (sbr. *bágur*, *bágt*) • birgðir/birgða (sbr. *birgur*, *birgja*) • einvígi (sbr. *víg*) • fiskgengd (sbr. *ganga*) • gegndarlaus (sbr. *ganga*) • leigjandi (sbr. *leiga*) • þægindi (sbr. *þægur*)

9.5. Veikar sagnir: Ef *g* heyrir í einhverri kennimynd er það ritað í öllum beygingarmyndum, eins þótt hljóðavíxl eða brottfall verði í framburði

Veikar sagnir enda á *-aði*, *-ði*, *-di* eða *-ti* í þátíð 1. persónu eintölu:

ég sagaði, ég sagði, ég samdi, ég synti.

Kennimyndir veikra sagna eru þrjár sem finna má með því að setja sögnina í samhengi:

að *saga* – ég *sagaði* (í *gær*) – ég hef *sagað*

9.5.1 Ef *g* heyrir í einhverri kennimynd er það ritað í öllum beygingarmyndum:

NAFNHÁTTUR	ÞÁTÍÐ	LÝSINGARHÁTTUR ÞÁTÍÐAR	EINNIG
duga	dugði	dugað	dygði, dygðir, dygðuð o.s.frv.
leigja	leigði	leigt	leigjum, leigi, leigið o.s.frv.
segja	sagði	sagt	segjum, segi, segið o.s.frv.
þegja	þagði	þagað	þegjum, þegi, þegið o.s.frv.
sveigja	sveigði	sveigt	sveigjum, sveigi, sveigið o.s.frv.
rægja	rægði	rægt	rægjum, rægi, rægið o.s.frv.

9.5.2 Í þátíð heyrast tvö *g* ekki alltaf, ritháttur er oftast eins og í nafnhættinum:

NAFNHÁTTUR	ÞÁTÍÐ	LÝSINGARHÁTTUR ÞÁTÍÐAR
byggja	byggði	byggt
hugga	huggaði	huggað
skyggna	skyggndi	skyggnt
tyggja	tuggði	tuggið
tryggja	tryggði	tryggt
yggla	yggldi	ygglt

Undantekningar frá þessu eru sagnirnar *hyggja* og *leggja*, sem ritaðar eru með *g* í þátíð og *þiggja* sem beygist óreglulega:

FRAMSÖGUHÁTTUR	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ
ET. 1. (ég)	hygg	hugði	legg	lagði	þigg	þáði
2. (þú)	hyggur	hugðir	leggur	lagðir	þiggur	þáðir
3. (hann)	hyggur	hugði	leggur	lagði	þiggur	þáði

FT.	1. (við)	hyggjum	hugðum	leggjum	lögðum	þiggjum	þáðum
	2. (þið)	hyggið	hugðuð	leggið	lögðuð	þiggið	þáðuð
	3. (þeir)	hyggja	hugðu	leggja	lögðu	þiggja	þáðu

VIÐTENGINGARHÁTTUR		NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ
ET.	1. (þótt ég)	hyggi	hygði	leggi	legði	þiggi	þægi
	2. (þótt þú)	hyggir	hygðir	leggir	legðir	þiggir	þægir
	3. (þótt hann)	hyggi	hygði	leggi	legði	þiggi	þægi
FT.	1. (þótt við)	hyggjum	hygðum	leggjum	legðum	þiggjum	þægjum
	2. (þótt þið)	hyggið	hygðuð	leggið	legðuð	þiggið	þægiuð
	3. (þótt þeir)	hyggi	hygðu	leggi	legðu	þiggi	þægju

9.5.3. Í þátíð geta *gl/lg* og *gn/ng* víxlast í framburði eða *g*-hljóðið horfið, ritháttur er þá eins og í nafnhættinum. Sjá kafla 21.

9.6. Sterkar sagnir: Yfirleitt heyrast í framburði hvort rita á *g* en frá því eru nokkrar undantekningar

Sterkar sagnir eru endingarlaugar í þátíð 1. og 3. persónu eintölu en enda á *-st* í þátíð 2. persónu eintölu: *ég beit* (1. persóna), *þú beist* (2. persóna), *hann/hún/það beit* (3. persóna).

Kennimyndir sterkra sagna eru fjórar sem finna má með því að setja sögnina í samhengi:

að bíta – ég beit – við bitum – ég hef bitið

9.6.1. Yfirleitt heyrast í framburði nafnháttar hvort rita á *g*:

1. KENNIMYND	2. KENNIMYND	3. KENNIMYND	4. KENNIMYND
hníga	hneig	hnigum	hnigið
síga	seig	sigum	sigið
stíga	steig	stigum	stigið
syngja	söng	sungum	sungið

Ath. Auk þátíðarmyndanna *hneig*, *seig* og *steig* eru einnig til myndirnar *hné*, *sé* og *sté*.

9.6.2. Í *fljúga*, *ljúga*, *sjúga* og *smjúga* er ritað *g* í öllum myndum þó að það sé ógreinilegt í nafnhætti og viðtengingarhætti:

1. KENNIMYND	2. KENNIMYND	3. KENNIMYND	4. KENNIMYND	EINNIG
fljúga	flaug	flugum	flogið	flygi, flygjum o.s.frv.
ljúga	laug	lugum	logið	lygi, lygjum o.s.frv.
sjúga	saug	sugum	sogið	sygi, sygjum o.s.frv.
smjúga	smaug	smugum	smogið	smygi, smygjum o.s.frv.

9.6.3. Í *draga*, *liggja* og *vega* er ekki ritað *g* í 2. kennimynd og öðrum myndum þátíðar eintölu í framsöguháttum.

1. KENNIMYND	2. KENNIMYND	3. KENNIMYND	4. KENNIMYND
draga	dró	drógum	dregið
liggja	lá	lágum	legið
vega	vó	vógum	vegið

Athugið þó að *g* er ritað í þátíð fleirtölu í framsöguháttum og í öllum myndum viðtengingarháttar.

	FRAMSÖGUHÁTTUR	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ
ET.	1. (ég)	dreg	dró	ligg	lá	veg	vó
	2. (þú)	dregur	dróst	liggur	lást	vegur	vóst
	3. (hann)	dregur	dró	liggur	lá	vegur	vó
FT.	1. (við)	drögum	drógum	liggjum	lágum	vegum	vógum
	2. (þið)	dragið	dróguð	liggið	láguð	vegið	vóguð
	3. (þeir)	draga	drógu	liggja	lágum	vega	vógu

VIÐTENGINGARHÁTTUR		NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ
ET.	1. (þótt ég)	dragi	drægi	liggi	lægi	vegi	vægi
	2. (þótt þú)	dragir	drægir	ligger	lægir	vegir	vægir
	3. (þótt hann)	dragi	drægi	liggi	lægi	vegi	vægi
FT.	1. (þótt við)	drögum	drægjum	liggjum	lægjum	vegum	vægjum
	2. (þótt þið)	dragið	drægjuð	liggið	lægjuð	vegið	vægjuð
	3. (þótt þeir)	dragi	drægju	liggi	lægju	vegi	vægju

9.6.4. Í *flá*, *slá* og *hlæja* er ekki ritað *g* í 1. og 2. kennimynd:

1. KENNIMYND	2. KENNIMYND	3. KENNIMYND	4. KENNIMYND
flá	fló	flógum	flegið
slá	sló	slógum	slegið
hlæja	hló	hlógum	hlegið

Einnig er ritað *g* í öllum myndum viðtengingarháttar:

FRAMSÖGUHÁTTUR		NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ
ET.	1. (ég)	slæ	sló	hlæ	sló	flæ	fló
	2. (þú)	slærð	slóst	hlærð	slóst	flærð	flóst
	3. (hann)	slær	sló	hlær	hló	flær	fló
FT.	1. (við)	sláum	slógum	hlægjum	hlógum	fláum	flógum
	2. (þið)	sláið	slóguð	hlægið	hlóguð	fláið	flóguð
	3. (þeir)	slá	slógu	hlægja	hlógu	flá	flógu

VIÐTENGINGARHÁTTUR		NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ	NÚTÍÐ	ÞÁTÍÐ
ET.	1. (þótt ég)	slái	slægi	hlæi	hlægi	flái	flægi
	2. (þótt þú)	sláir	slægir	hlæir	hlægir	fláir	flægir
	3. (þótt hann)	slái	slægi	hlæi	hlægi	flái	flægi
FT.	1. (þótt við)	sláum	slægjum	hlægjum	hlægjum	fláum	flægjum
	2. (þótt þið)	sláið	slægjuð	hlæið	hlægjuð	fláið	flægjuð
	3. (þótt þeir)	slái	slægju	hlæi	hlægju	flái	flægju

9.4.5. Sagnirnar *deyja*, *hlæja* og *hlægja* eru vandritaðar

Sögnin *deyja* er *g*-laus í öllum myndum: *deyja* – *dó* – *dóum* – *dáið*.

Sagnirnar *hlæja* og *hlægja* hafa ólíka merkingu og beygingu. *Hlæja* beygist sterkt (hlæja – hló) og merkir að ‘gefa frá sér hláturhljóð’ en *hlægja* beygist veikt og merkir að ‘valda einhverjum hlátri’ „þetta hlægir mig“. Sjá beygingu *hlæja* í 9.4.4.

10. *j*

10.1 Aðalregla: Ekki er ritað *j* ef *j*-hljóð heyrast ekki í framburði.

Í íslenskri stafsetningu eru stundum skrifuð hljóð sem heyrast ekki í framburði (til dæmis *g* í *margt*). Það gildir ekki um *j*. Bókstafurinn *j* er aldrei ritaður nema *j*-hljóð heyrast í framburði.

10.2 Aldrei er ritað *j* á eftir *i* og *ei*.

Bókstafurinn *j* er aldrei ritaður á eftir *i* og *ei*.

Svíar • Svíum • olía • olú • sveia • bleia (bleyja)

10.3 Ritun *j* á eftir *k* og *g*: Sérhljóðið á eftir ræður

10.3.1 Ritað er *j* ef á eftir fer *a*, *á*, *ó*, *u*, *ú* og *ö* ef *j* heyrast í framburði:

kjarr • gjall • kjáni • gjár • kjósa • gjósa • kjuði • kjúka • kjöt • gjöf

10.3.2 Ekki er ritað *j* ef á eftir fer *e*, *ei*, *ey*, *i*, *í*, *y*, *y* eða *æ* (þótt *j* heyrast í framburði):

kerti • geta • reykelsi • fangelsi • keila • geispa • keyra • geyma • kista • gista • kíló
• Gísli • kynning • gylling • kýs • gýs • kæfa • gæfa

hangi (hanga) • hringir (hringja) • spryngi (springa) • syngið (syngja)

10.3.3 Ekki er ritað *j* ef á eftir fer *e* nema í nafnorðum með *-jandi* sem hafa *-jendur* í fleirtölu (sbr. 5.2.2):

fylgjandi – fylgjendur, fylgjendum, fylgjenda
leigjandi – leigjendur, leigjendum, leigjenda
syrgjandi – syrgjendur, syrgjendum, syrgjenda

sækjandi – sækjendur, sækjendum, sækjenda
þiggiandi – þiggiendur, þiggiendum, þiggienda

Athugið að ekki er ritað *é* á eftir *k* og *g*: *ker, geta*. Sjá um *é* í kafla 5.

10.4 Ritun *j* á undan *i*, *a* og *u* í endingum: Framburður og undanfarandi hljóð ráða

10.4.1 *j* er ritað á undan *a* og *u* samkvæmt framburði:

segja • segjum • tækja • tækjum • hlæja • hlæjum • heyja • heyjum • hlýjar • hlýjum

Ekki er þó ritað *j* á undan *a* og *u* ef *i* eða *ei* fer næst á undan (sbr. grein 10.3):

Svíar • Svíum • olía • olú • sveia • bleia (bleyja)

10.4.2 *j* er ritað á undan *i* samkvæmt framburði:

telji • semji • venji • setji • gleðji

Ekki er þó ritað *j* ef *g*, *k*, *a*, *ey* eða *y* fara næst á undan (þótt *j* heyrir þar í framburði):

segir • tæki • hlæi • heyið • hlýir

10.6 Ritun *j* á mörkum samsettra orða

Þegar fyrri hluti samsetts orðs endar á *ey*, *y* eða *a* og síðari hlutinn hefst á sérhljóða skal ekki rita *j* á milli orðhluta.

heyaflí • heyannir • nýafstaðinn • nýársdagur • nýorpinn • Sæunn

Undantekning er nafnið *Eyjólfur* sem er ritað með *j* þrátt fyrir regluna.

11. *ps, pt, ppt* eða *fs, ft*

Í framburði verða *p* og *pp* oft að *f* á undan *s* eða *t*. Meginreglan er sú að ekki er ritað *p* eða *pp* á undan *s* eða *t* nema *p* eða *pp* sé að finna í öðrum myndum orðsins eða í skyldum orðum.

11.1 *p, pp* eða *f* á undan *s*

11.1.1 *p* og *pp* á undan *s*

Á undan eignarfallsendingunni *-s* geta *p* og *pp* orðið að *f* í framburði. Engu að síður er ritað *p* eða *pp* þar eins og í öðrum myndum orðsins. Dæmi:

(til) djúps, djúpsins • djúp

(til) hóps, hópsins • hópur

(til) óps, ópsins • óp

(til) skips, skipsins • skip

(til) tæps • tæpur

(til) þreps, þrepsins • þrep

(til) happs, happsins • happ

(til) kapps, kappsins • kapp

(til) klapps, klappsins • klapp

(til) kropps, kroppsins • kroppur

(til) slopps, sloppsins • sloppur

(til) topps, toppsins • toppur

Ef vafi leikur á hvort rita á *p* eða *f* á undan *s* má oft fá stuðning af skyldum orðum:

glópska • glópur

11.1.2 *f* á undan *s*

Oft er ritað *f* á undan *s* (eins og það er borið fram) og oft fær ritháttur með *f* jafnframt stuðning af skyldum orðum með *f*. Dæmi:

efstur (sbr. efri) • hrifsa (sbr. hrífa) • ofsi (sbr. of) • vafstur (sbr. vefja)

Oft er þó ekki augljós skyldleiki við önnur orð með *f* eða þá að um er að ræða aðkomu-orð þar sem stafsetning hefur verið löguð að íslenskum framburði. Í þeim tilvikum er gott að styðjast við orðabók. Dæmi:

gifs • glefs, glefsa • krafs (sbr. krafla) • rifs • snafs • tafs • ufs • ufsi

Hér skal líka minnt á þá meginreglu að ekki er ritað *p* eða *pp* á undan *s* nema *p* eða *pp* sé að finna í öðrum myndum orðsins eða í skyldum orðum.

11.2 *p, pp* eða *f* á undan *t*

11.2.1 *p* og *pp* á undan *t*

Oft verða *p* og *pp* að *f* á undan *t* í framburði í þátíð og lýsingarhætti þátíðar veikra sagna. Jafnan má þó finna *p* eða *pp* í nafnhætti og nútíð þessara sagna og fá þannig leiðsögn um rithátt.

Dæmi um veikar sagnir með *p* á undan *t*:

dreypa • dreypir • dreypiti • dreypit
gapa • gapti • gapað
greypa • greypiti • greypit
hleypa • hleypti • hleypt
lepja • lapti • lapið
tæpa • tæpti • tæpt
æpa • æpti • æpt

Athugið að *p* getur horfið alveg í framburði ef það er á milli *t* og annars samhljóðs. Það hverfur þó ekki úr ritmyndinni:

herpa • herpti • herpt
skerpa • skerpti • skerpt
verpa • verpti • verpt

Dæmi um veikar sagnir með *pp* á undan *t*:

hneppa • hneppti • hneppt
kippa • kippti • kippt
klippa • klippti • klippt
kreppa • kreppti • kreppt
sleppa • sleppti • sleppt
steypa • steypiti • steypit

Oft verða *p* og *pp* að *f* í framburði á undan *t* í hvorugkyni lýsingarorða. Þar má þó reiða sig á *p* eða *pp* í öðrum myndum lýsingarorðsins. Dæmi:

gljúpur • gljúpt	knappur • knappt
djúpur • djúpt	krappur • krappt
tæpur • tæpt	slappur • slappt

Stundum þarf að reiða sig alfarið á skyld orð:

kúptur (kúpa)
dýpt (djúpur, dýpi)
skipta, skipting (skipa, skipun)
svipta, svipting (svipa)
yppta (yppa, upp)

11.2.2 *f* á undan *t*

Oft er líka ritað *f* á undan *t* (eins og það er borið fram) og oft fær ritháttur með *f* jafnframt stuðning af skyldum orðum með *f*. Dæmi:

gifta, gifting (sbr. gefa) • kleift (sbr. kleifur, klífa; kleift fjall) • kleyft (sbr. kleyfur, kljúfa; kleyft timbur) • líft (sbr. líf) • lyfta, lyfting (sbr. loft) • rifta (sbr. rífa) • vansvefta (sbr. sofa) • skaft (sbr. skafa) • skrift (sbr. skrifa)

Oft er þó ekki augljós skyldleiki við önnur orð með *f* og þá er gott að styðjast við orðabók. Minna má á meginregluna að ekki er ritað *p* eða *pp* á undan *t* nema *p* eða *pp* sé að finna í öðrum myndum orðsins eða í skyldum orðum.

12. *rl* og *ll*; *rn* og *nn*; *sl* og *sn*

12.1. *rl* og *ll*

Samböndin *rl* og *ll* eru oft borin fram með *d*-hljóði sem ekki birtist í stafsetningu (samstöfunar *rdl* og *dll* koma ekki fyrir í stafsetningu í ósamsettum orðum).

Dæmi um orð með *rl*:

varla • karl • kerling • jarl • perla • nurla • sturla

Dæmi um orð með *ll*:

hella • kalla • kollur • illur • pallur • hellingur • vellundur

Orð með *rl* og *ll* geta orðið nánast eins í framburði og þá þarf að gæta að uppruna orðanna þegar ritað er:

karla (af karl)	:	kalla (so.)
varla	:	valla (af völlum)

Athugið að jafnframt eru til orð með *ll* sem borið er fram án þessa *d*-hljóðs og þau eru einnig rituð með *ll*:

sellerí • pilla • troll • Kalli (af Karl) • Palli (af Páll)

12.2. *rn* og *nn*

Samböndin *rn* og *nn* eru oft borin fram með *d*-hljóði sem ekki birtist í stafsetningu (samstöfunar *rdn* og *dnn* koma ekki fyrir í stafsetningu í ósamsettum orðum).

Dæmi um orð með *rn*:

Árni • barn • korn • firn • forn • görn • örn

Dæmi um orð með *mn*:

beinn • brúnn • finn • sónn • tónn

Athugið að jafnframt er fjöldi orða þar sem *mn* er borið fram án þessa *d*-hljóðs og þau eru einnig rituð með *mn*:

annar • finna • kunnur • þennan

Athugið að ritað er *rtm* ef *rt* er að finna í skyldum orðum:

ertni (sbr. erta) • sortna (sbr. svartur)

12.3 *sl* og *sn*

Samböndin *sl* og *sn* eru oft borin fram með *d*-hljóði sem ekki birtist í stafsetningu (samstöfunar *sdl* og *sdn* koma ekki fyrir í stafsetningu í ósamsettum orðum).

Dæmi um orð með *sl*:

slá • sleppa • slíta • slökkva
basl • busla • drusla • varsla • versla

Dæmi um orð með *sn*:

snara • snemma • snjór • snyrta • snæri
asni • visna • kosningar (kjósa, kosinn)

Athugið að ritað er *stm* ef *st* er að finna í skyldum orðum:

freistni (freisting) • kostnaður (kosta) • kristni (kristinn)

13. *x, gs, ks*

13.1 Lítil munur er oft í framburði á þeim hljóðum og hljóðasamböndum sem rituð eru með bókstafnum *x* og bókstafasamböndunum *gs* og *ks*, eins og til dæmis í þessum orðapörum:

laks (af *lak*) : lax

seks (af *sekur*) : sex

vígsla (af *vígja*) : víxla

Oftast má þó finna skylt orð (eins og *lak*, *sekur* og *vígja* í orðapörunum hér að ofan) sem leiðbeint getur um rithátt en stundum þarf að leita til orðabókar.

13.2 Rita skal *gs* ef *g* er í öðrum orðmyndum eða skylt orð er með *g*; til dæmis:

(a) í fjölda eignarfallsmynda með eignarfallsendingunni *-s*:

bógs (af *bógur*) • dags (af *dagur*) • flugs (af *flug*) • lags (af *lag*) • lagsmaður, lagsi (af *lag*) • lágs (af *lágur*) • mágs (af *mágur*) • rógs (af *rógur*) • slagsmál (sbr. *slagur*) • vogs (af *vogur*)

fangs (af *fang*) • langs (af *langur*) • rangs (af *rangur*) • vængs (af *vængur*) • þangs (af *þang*)

(b) í sögnum með *-st*:

hyggst (af *hyggja*) • lagst (af *leggja*) • leggst (af *leggja*) • sagst (af *segja*)

(c) í orðum þar sem *g* er næst á undan *s* í stofni:

bægsli (sbr. *bógur*) • flygsa (sbr. *flug*) • hugsa, hugsli (sbr. *hugur*) • lagstur (sbr. *lagðist*) • lægstur (sbr. *lágur*, *lægri*) • þyngsli (sbr. *þungur*)

Stundum eru tengsl við orð með *g* þó alls ekki augljós og þar verður að leita til orðabókar; til dæmis:

rigs, rigsa (sbr. reigja) • slugsá (uppruni óviss)

13.3 Rita skal *ks* ef *k* er í öðrum orðmyndum eða skylt orð er með *k*; til dæmis:

(a) í fjölda eignarfallsmynda með eignarfallsendingunni *-s*:

fok (af fok) • laks (af lak) • loks (af lok) • malbiks (af malbik) • roks (af rok) • ryks (af ryk) • seks (af sekur) • taks (af tak) • þaks (af þak)

(b) í sögnum með *-st*:

rekst (af reka) • tekst (af taka) • stökkst (af stökkva)

(c) í orðum þar sem *k* er næst á undan *s* í stofni sem sést oft í skyldum orðum:

akstur (sbr. aka) • bakstur (sbr. baka) • innlyksa (sbr. lok) • loksins (sbr. lok)
mokstur (sbr. moka) • rakstur (sbr. raka) • rekstur (sbr. reka)

(d) í lýsingarorðum með *s-k*:

írakskur (Írak) • kasakskur (Kasakstan) • srílankskur (Srí Lanka) • úsbekskur (Úsbekistan)

Ekki er þó ritað *ksk* á eftir *í*:

reykvískur (Reykjavík) • húsvískur (Húsavík) • keflvískur (Keflavík) • afrískur (Afríka) • bandarískur (Bandaríkin) • grískur (Grikkland) • mósambískur (Mósambík) • tadsjískur (Tadsjíkistan) • krítískur (krítík) • pólitískur (pólitík)

Stundum eru tengsl við orð með *k* þó alls ekki augljós og þar verður að leita til orðabókar; til dæmis:

baksa (sbr. bak) • hneyksli, hneykslast (sbr. hnauk) • ræksni (uppruni óviss)

13.4 Ritað er x ef ekki er g eða k í stofni eða í skyldum orðum:

ax, kornax • buxur • exi • fax • fox • foxillur • jaxl • kex • lax • pex • rex • sax •
saxa • sex • strax • taxi • taxti • texti • uxi • yxna • vax • vaxa • vöxtur • víxl •
æxlast • æxli • æxlun • öxi • öxl

Ath. einnig mannanöfnin Alex, Alexía, Alexander, Alexandra, Alexandría, Alexíus, Axel
og Felix.

14. *y, ý, ey*

14.1 Í eldri íslensku var í framburði gerður greinarmunur á *i, í, ei* og *y, ý, ey*. Þessi munur er nú horfinn úr framburði en er enn haldið í stafsetningu. Við stafsetningu þarf því að hyggja að uppruna orða og skyldleika við önnur orð.

14.2 Aðalregla

Oft má hafa stuðning af skyldum orðum og orðmyndum og þá er aðalreglan þessi:

- *y* er ritað þar sem *o, u, ju* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum
- *ý* er ritað þar sem *ú, jú, jó* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum
- *ey* er ritað þar sem *au* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum

14.2.1 *y* er ritað þar sem *o, u, ju* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum, eins og hér er sýnt með nokkrum dæmum:

<i>y</i>	<i>o</i>
kyssa • kyssilegur	koss
hryssa	hross
syfja • syfjaður • syfjulegur	sofa
synir	sonur
fyl • fylfull	folald
fyrna • fyrnd • fyrndur	forn
hyrna • hyrning	horn
lygn • lygna	logn
tyrfa	torf
þyrping • þyrpast	þorp

<i>y</i>	<i>u</i>
fullri • fullstur • fylla • magafylli	fullur
grynnri • grynnstur • grynni • ógrynni	grunnur
þyngri • þyngstur • þyngja • þyngsli	þungur

brynna • brynning	brunnur
dylja	dulur
gylling • gylla	gull
lygi • lygari	lugu (ljúga)
ryk	ruku (rjúka)
þylja	þula, þulur
þytur	þutu (þjóta)

y	ju
byggja	bjuggu
hyggi	hjuggu

14.2.2 *y* er ritað þar sem *ú, jú, jó* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum, eins og hér er sýnt með nokkrum dæmum:

y	ú
hýsa • hýsi • hýsing	hús
rýma • rými • rýming	rúm
fýla • fýldur	fúll
hýða • hýði • hýðing	húð
rýna • rýni • rýning	rún
býli • býfluga	bú
sýra	súr
sýta	sút

y	jú
dýpi	djúpur
fýkur	fjúka
mýkt • mýking	mjúkur
rýkur	rjúka
sýki • sýkill	sjúkur

y	jó
sýna • sýni • sýning	sjón
lýsa • lýsi • lýsing	ljós

frýs	frjósa
kýs	kjósa
þýfi	þjófur
þýtur	þjóta

14.2.3 *ey* er ritað þar sem *au* er að finna í skyldum orðum og orðmyndum, eins og hér er sýnt með nokkrum dæmum:

	ey	au
	dreyma • dreyminn	draumur
	reykur • reykja • reyking	rauk (rjúka)
	leysa • leysing	laus
	deyfa • deyfð	daufur
	eygja	auga
	deyða	dauður
	feykja	fauk (fjúka)
	keypti	kaupa, kaup
	teygja	taug
	þeyta	þaut (þjóta)

14.3. Athugið sérstaklega viðtengingarhátt þátíðar sterkra sagna sem dreginn er af 3. kennimynd (þátíð fleirtölu). Ef 3. kennimynd hefur rôtarsérhljóðið *u* fær viðtengingarháttur þátíðar *y*, eins og hér er sýnt með nokkrum dæmum.

1. KENNIMYND nafnháttur	2. KENNIMYND þátíð eintölu	3. KENNIMYND þátíð fleirtölu	4. KENNIMYND lýsingarháttur þátíðar
brjóta	braut	brutum	brotið
↓		↓	
(þótt ég) brjóti		(þótt ég) bryti	

1. KENNIMYND nafnháttur	2. KENNIMYND þátíð eintölu	3. KENNIMYND þátíð fleirtölu	4. KENNIMYND lýsingarháttur þátíðar
binda	batt	bundum	bundið
↓		↓	
(þótt ég) bindi		(þótt ég) byndi	

1. KENNIMYND nafnháttur	2. KENNIMYND þátíð eintölu	3. KENNIMYND þátíð fleirtölu	4. KENNIMYND lýsingarháttur þátíðar
kjósa	kaus	kusum	kosið

↓

(þótt ég) kjósi

↓

(þótt ég) **kysi**

1. KENNIMYND nafnháttur	2. KENNIMYND þátíð eintölu	3. KENNIMYND þátíð fleirtölu	4. KENNIMYND lýsingarháttur þátíðar
finna	fann	fundum	fundíð

↓

(þótt ég) finni

↓

(þótt ég) **fyndi**

14.3 Önnur orð

Oft getur þó reynst örðugt að finna skyld orð eða orðmyndir sem skorið geti úr um hvort rita skuli *i* eða *y*, *í* eða *y*, *ei* eða *ey* og þá er nauðsynlegt að leita til orðabóka.

14.4 Nokkur samhljóða orð

Sérstaka gát þarf að hafa þar sem til eru tvö samhljóða orð með ólíka merkingu og ólíkan rithátt, eins og sýnt er með nokkrum dæmum hér að neðan [en þessi listi gæti verið miklu lengri].

<i>híði</i> ‘bæli’	<i>hýði</i> , bananahýði (sbr. húð)
<i>kirtill</i> (líffæri), skjaldkirtill	<i>kyrtill</i> (flík), fermingarkyrtill
<i>leiti</i> ‘hæð, hóll’, á næsta leiti	<i>leyti</i> , að ýmsu leyti, fyrir mitt leyti
<i>skin</i> , sólskin, skin og skúrir (sbr. skína)	<i>skyn</i> ‘vit; tilgangur’, gefa eitthvað í skyn, skyni skroppinn
<i>tína</i> ‘safna’, tína ber, fólk fór að tínast burtu	<i>týna</i> ‘glata, missa’, týna einhverju niður, týna vitinu (sbr. tjón)
<i>eyði</i> ‘grandi’	<i>eyði</i> (sbr. auður), leggjast í eyði

15. *m* og *mm*

Munurinn á *m* og *mm* heyrir yfirleitt vel í framburði og því er yfirleitt enginn vafi á hvort rita skuli *m* eða *mm*. Í örfáum orðum (*fram*, *um*) er þó borið fram *mm* þar sem ritað er einfalt *m*:

fram • fram undan • fram hjá • fram yfir • Knattspyrnufélagið Fram • Framari

um • innan um • utan um

Athugið einnig ýmiss konar samsetningar með *fram* og *um*:

framámaður • frambjóðandi • framfarir • framkalla • framætt • framícall • framígrip • framúrkeyrsla

umboð • umhverfis • umsókn • ummæli

Munurinn á *fram í* og *frammi í* er oft ógreinilegur í framburði en helst í ritun; dæmi:

grípa fram í (fyrir einhverjum)

sitja frammi í (bílnum)

16. *n* og *nn*

16.1 Aðalregla — hvernig regla er valin

- Í mörgum orðum er ýmist ritað *n* eða *nn* eftir því í hvaða falli, kyni eða tölu þau eru. Þessi munur heyrir ekki alltaf í framburði. Í einkvæðum orðum eins og *steinn* og *minn* er ritað *n* í sumum fallmyndum en *nn* í öðrum, en þar heyrir munurinn á *n* og *nn* í framburði. Þessi orð má nota til leiðsagnar um fjölda annarra orða þar sem þessi munur heyrir ekki. Til hægðarauka verður hér stundum talað um ***minn-regluna* og *steins-regluna***:
 - fornöfn ► sjá grein 16.2 (*minn-reglan*)
 - greinir ► sjá grein 16.2 (*minn-reglan*)
 - lýsingarorð sem enda á *-inn* ► sjá grein 16.2 (*minn-reglan*)
 - lýsingarhættir sem enda á *-inn* ► sjá grein 16.2 (*minn-reglan*)
 - karlkynsnafnorð sem enda á *-ann*, *-inn*, *-unn* ► sjá grein 16.3 (*steins-reglan*)
- Í mörgum orðum sem enda á *-an*, *-un* eða *-unn* eru alltaf rituð jafnmörg *n* en ekki heyrir í framburði hvort þar skal rita *n* eða *nn*. ► Sjá grein 16.5.

16.2 Greinirinn hefur jafnmörg *n* og *minn/mín* (*minn-reglan*)

Lausi greinirinn með *nn/n* er *hinn* (í karlkyni) og *hin* (í kvenkyni):

hinn góði maður

hin góða kona

Viðskeyttur greinir bætist aftan við nafnorð:

hestur – (hann) *hesturinn*

kría – (hún) *krían*

Greinir (bæði laus og viðskeyttur) er ritaður með jafnmörgum *n*-um og eru í orðunum *minn/mín*. Dæmi:

		KARLKYN		KVENKYN		HVORUGKYN	
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	hestur inn	m inn	krían	mín	húsið	mitt
	ÞF. (<i>um</i>)	hest inn	m inn	kríuna	mína	húsið	mitt
	ÞGF. (<i>frá</i>)	hestin um	mín um	kríunni	minni	húsinu	mínu
	EF. (<i>til</i>)	hests ins	míns	kríunnar	minnar	hússins	míns
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	hestar nir	mín ir	kríurnar	mínar	húsin	mín
	ÞF. (<i>um</i>)	hesta na	mína	kríurnar	mínar	húsin	mín
	ÞGF. (<i>frá</i>)	hestun um	mín um	kríunum	mínum	húsunum	mínum
	EF. (<i>til</i>)	hesta нна	minna	kríanna	minna	húsanna	minna

Nokkur dæmi:

Maður**inn** minn sá kríuna mína.

Stúlka**n** mín tók bát**inn** minn.

Hund**inum** mínum var illa við mús**ina** mína.

Bíll konu**nnar** minnar er nýrri en bíll kennar**ans** míns.

Athugið sérstaklega karlkynsorð og kvenkynsorð sem enda á löngu sérhljóði í þf. et. án greinis: (um) *skó, sjó, snjó*; (um) *brú, kló, tá*. Viðskeytti greinirinn í þessum orðum er ritaður með jafnmörgum *n*-um og eru í orðunum *minn/mín*.

		KARLKYN		KVENKYN	
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	skó rinn	m inn	tá in	mín
	ÞF. (<i>um</i>)	skó inn	m inn	tána	mína
	ÞGF. (<i>frá</i>)	skón um	mín um	tánni	minni
	EF. (<i>til</i>)	skós ins	míns	táar innar	minnar
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	skór nir	mín ir	tærnar	mínar
	ÞF. (<i>um</i>)	skó na	mína	tærnar	mínar
	ÞGF. (<i>frá</i>)	skón um	mín um	tánum	mínum
	EF. (<i>til</i>)	skón нна	minna	tá нна	minna

Nokkur dæmi:

Hún hljóp yfir brú**na** (mína).

Þau léku sér í snjó**num** (mínum).

Hann flýtti sér í skó**na** (mína).

Hann meiddi sig í tá**num** (mínum).

16.3 Lýsingarorð og lýsingarhættir sem enda á *-inn* hafa jafnmörg *n* og *minn/mín*

16.3.1 Lýsingarorð (til dæmis *fyndinn*) og lýsingarhættir af sögnum (til dæmis *kominn* af sögninni *koma*) hafa jafnmörg *n* og *minn/mín*:

		KARLKYN		KVENKYN		HVORUGKYN	
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	fynd inn	m inn	fynd in	m ín	fyndið	(m itt)
	ÞF. (<i>um</i>)	fynd inn	m inn	fynd na	m ína	fyndið	(m itt)
	ÞGF. (<i>frá</i>)	fynd num	m ínum	fynd inni	m inni	fyndu	m ínu
	EF. (<i>til</i>)	fynd ins	m íns	fynd innar	m innar	fyndins	m íns
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	fynd nir	m ínir	fynd nar	m ínar	fyndin	m ín
	ÞF. (<i>um</i>)	fynd na	m ína	fynd nar	m ínar	fyndin	m ín
	ÞGF. (<i>frá</i>)	fynd num	m ínum	fynd num	m ínum	fyndnum	m ínum
	EF. (<i>til</i>)	fynd inna	m inna	fynd inna	m inna	fyndinna	m inna

Nokkur dæmi:

Pósturinn er kom**inn** (m**inn**).

Maðurinn er hnugg**inn** (m**inn**).

Ég hitti fynd**inn** (m**inn**) mann.

Það er ekki hlýð**inna** (m**inna**) hunda síður að gíamma að fólki.

Tónleikar lengra kom**inna** (m**inna**) nemenda verða á sunnudaginn.

Skútan er far**in** (m**ín**).

Ströndin er send**in** (m**ín**).

Konan er fynd**in** (m**ín**).

Ég hitti langt að kom**na** (m**ína**) stúlku.

Bókasafnið kvartaði yfir illa far**inni** (m**inni**) bókinni.

Allir vildu hlýða á ræðu svo fynd**ins** (m**íns**) manns.

Mikil umræða skapaðist vegna nýútkom**innar** (m**innar**) bókar.

16.3.2 Undantekning: Fornafnið *engin*.

		KARLKYN		KVENKYN		HVORUGKYN	
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	eng inn	m inn	engin	m ín		
	ÞF. (<i>um</i>)	eng an	sbr. góð an				
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)					engin	m ín
	ÞF. (<i>um</i>)					engin	m ín

Ath. að fornafnið *enginn* hefur jafnmörg *n* og *minn* í nf. et. í karlkyni (*enginn*) og kvenkyni (*engin*) og nf./þf. ft. í hvorugkyni (*engin*). Aftur á móti er eitt *n* í þf.et. í karlkyni (*engan*) eins og í sterkum lýsingarorðum (*góðan*; sjá grein 16.5.1).

16.4 Karlkynsnafnorð sem enda á *-ann*, *-inn*, *-unn* hafa jafnmörg *n* og eru í beygingu orðsins *steinn* (*steins*-reglan).

16.4.1 Í nafnorðum sem enda á *-ann* (til dæmis *aftann*), *-inn* (til dæmis *himinn*) og *-unn* (til dæmis *morgunn*) er aðeins ritað *nn* í nefnifalli eintölu: *aftann*, *himinn*, *morgunn*. Í öllum öðrum föllum er *n*: (*um*) *aftan*, (*á*) *himni*, (*til*) *morguns*. Munurinn heyrir ekki í framburði en *n*-in eru jafnmörg og í beygingu orðsins *steinn*:

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	aftann	himinn	morgunn	steinn
	ÞF. (<i>um</i>)	aftan	himin	morgun	stein
	ÞGF. (<i>frá</i>)	aftni	himni	morgni	steini
	EF. (<i>til</i>)	aftans	himins	morguns	steins

Nokkur dæmi:

Þetta er fallegur aftann (*steinn*).

Í húsinum er hlaðinn arinn (*steinn*).

Þvílíkur himinn (*steinn*)!

Hún þykist hafa himin (*stein*) höndum tekið.

Hann er búinn að koma miklu í verk þó að enn sé aðeins morgunn (*steinn*).

Á morgun (*stein*) segir sá lati.

Þetta gerðist um morgun (*stein*).

Stúlkan sá jötun (*stein*) og varð hrædd.

16.4.2 Karlmannsnöfn sem enda á *-inn* eða *-unn* beygjast eins og *steinn*:

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	Héðinn	Kristinn	Auðunn	steinn
	ÞF. (<i>um</i>)	Héðin	Kristin	Auðun	stein
	ÞGF. (<i>frá</i>)	Héðni	Kristni	Auðni	steini
	EF. (<i>til</i>)	Héðins	Kristins	Auðuns eða Auðunar	steins

Ath. Bæði er til *Auðunn* og *Auðun*. *Auðun* hefur *n* í öllum beygingarmyndum.

Ath. Karlmannsnafnið *Kristinn* fylgir *steins*-reglunni (*Kristinn*, um *Kristin*) en lýsingarorðið *kristinn* fylgir *minn*-reglunni (*kristinn* maður, um *kristinn* mann).

16.5 Þegar greinir bætist við orð sem enda á *-ann*, *-inn*, *-unn* gildir *steins*-reglan (sjá grein 16.4) um þau en *minn*-reglan (sjá grein 16.3) um greininn sem bætist við:

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	aftanninn	himinninn	morgunninn	steinn	minn
	ÞF. (<i>um</i>)	aftaninn	himininn	morguninn	stein	minn
	ÞGF. (<i>frá</i>)	aftninum	himninum	morguninum	steini	mínum
	EF. (<i>tíl</i>)	aftansins	himinsins	morgunsins	steins	míns
ET.	NF. (<i>hér eru</i>)	aftarnir	himnarnir	morgnarnir	steinar	mínir
	ÞF. (<i>um</i>)	aftana	himnana	morgnana	steina	mína
	ÞGF. (<i>frá</i>)	öftnunum	himnunum	morgnunum	steinum	mínum
	EF. (<i>tíl</i>)	aftanna	himnanna	morgnanna	steina	minna

Nokkur dæmi:

Aftanninn er fagur.

Hrafninn flýgur um aftaninn.

Það er engu líkara en himinninn logi.

Hún horfði heilluð upp í himinninn.

Morgunninn flýgur frá mér.

Hún fór út um morgunninn.

16.6 Í sumum orðum er alltaf sami fjöldi *n* — ýmist alltaf *n* eða alltaf *nn*

16.6.1 Alltaf *n*

Eftirfarandi flokkar orða hafa alltaf eitt *n*:

- kvenkynsnafnorð sem enda á *-an* eða *-un*: *skemmtan*, *skípan*; *köllun*, *seinkun*, *athugun*, *bölvun*, *blessun* o.fl.
- hvorugkynsnafnorð sem enda á *-an* eða *-in*: *gaman*, *fargan*, *líkan*; *fedgin*, *megin*, *mæðgin*
- nöfn sem enda á *-an*: *Kjartan*, *Natan*, *Kvaran*, *Kiljan*, *Kjaran*, *Satan*.

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	seinkun	líkan	Kjartan
	ÞF. (<i>um</i>)	seinkun	líkan	Kjartan
	ÞGF. (<i>frá</i>)	seinkun	líkani	Kjartani
	EF. (<i>tíl</i>)	seinkunar	líkans	Kjartans

FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	seinkanir	líkön
	ÞF. (<i>um</i>)	seinkanir	líkön
	ÞGF. (<i>frá</i>)	seinkunum	líkönum
	EF. (<i>til</i>)	seinkana	líkana

- lýsingarorð í þf. et. í karlkyni: (*um*) *góðan, vondan, baltan, beinan, greindan, heimskan*
- fornöfn í þf. et. í karlkyni: (*um*) *þennan, annan, engan*

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	góður	annar
	ÞF. (<i>um</i>)	góðan	annan
	ÞGF. (<i>frá</i>)	góðum	öðrum
	EF. (<i>til</i>)	góðs	annars

- atviksorð: *béðan, hvaðan, innan, utan, sunnan, norðan*

16.6.2 Alltaf *nn*

Eftirfarandi flokkar orða hafa alltaf *nn*:

- kvenkynsnafnorðin *einkunn, forkunn, miskunn* og *vorkunn*
- kvenmannsnöfn sem enda á *-unn*: *Þórunn, Sæunn, Ingunn*.

ET.	NF. (<i>hér er</i>)	einkunn	einkunnin	Þórunn
	ÞF. (<i>um</i>)	einkunn	einkunnina	Þórunni
	ÞGF. (<i>frá</i>)	einkunn	einkunninni	Þórunni
	EF. (<i>til</i>)	einkunnar	einkunnarinnar	Þórunnar
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	einkunnir	einkunnirnar	
	ÞF. (<i>um</i>)	einkunnir	einkunnirnar	
	ÞGF. (<i>frá</i>)	einkunnum	einkunnum	
	EF. (<i>til</i>)	einkunna	einkunnanna	

Nokkur dæmi:

Hann leit á einkunnir Þórunnar.

Hún virti Sæunni þetta til vorkunnar.

Hún sýndi Ingunni og Þórunni miskunn.

Undantekning er nafnið *Gefjun*, sem endar á *n* í allri beygingunni.

16.7 *en* og *enn*

Smáorðin *en* og *enn* falla oft saman í framburði en þeim er þó haldið aðgreindum í stafsetningu.

Smáorðið *en* tengir saman setningar, er notað með samanburðarorðum (*stærri en*) og til áherslu; til dæmis:

Hestar hneggja **en** kýr baula.

Hekla er hærri **en** Esjan.

en fallet! • **en** sú ósvífni!

Smáorðið *enn* er notað í merkingunni enn þá og með samanburðarorðum (*enn stærri*); til dæmis:

ekki kominn **enn**

enn betur • **enn** stærri • **enn** fremur

Hafa má fyrir þumalfingursreglu að ritað sé *enn* ef hægt er að setja *enn þá* í þess stað; annars skuli rita *en*.

17. *r* og *rr*

Í mörgum orðum er ýmist ritað *r* eða *rr* eftir því í hvaða falli, kyni eða tölu þau eru. Þessi munur heyrir ekki alltaf í framburði. Sums staðar verður *r* líka ógreinilegt í framburði eða hverfur jafnvel alveg en er samt haldið í stafsetningu.

17.1 Á eftir áherslusérhljóði heyrir munur *r* og *rr* yfirleitt vel

17.1.1 Munurinn á *r* og *rr* heyrir yfirleitt vel í framburði næst á eftir áherslusérhljóði, eins og í þessum orðum:

stór • (um) stóran • (frá) stórri • (til) stórrar • (til) stórra
blár • (frá) blárri • (til) blárrar • (til) blárra
hver • hverjum • (frá) hverri • (til) hverrar • (til) hverra
barr • (frá) barri • (til) barrs
kjarr • (frá) kjarri • (til) kjarrs

Nokkur dæmi:

Hún las í **stórri**, **blárri** bók og naut **hverrar** mínútu.
Þar stóð **stór**, **blár** bíll.
Hverra manna ert þú?

17.1.2 Athugið þó miðstigsmyndina *fleiri* sem ætíð er rituð með *r* þótt hún sé stundum borin fram með *rr*. Dæmi:

Kostirnir eru **fleiri** og meiri en ókostirnir.
Hér er **fleira** fólk en í fyrra.

17.1.3 Nafnorðið *styr* er ritað með *r* (en ekki með *rr*). Dæmi:

Um það stendur **styrinn**.

17.1.4 Athugið sérstaklega lýsingarorðin *kyrr* og *þurr* og miðstigsmyndirnar *fjurr* og *verr* sem alltaf eru ritaðar með *rr* þótt þær séu stundum bornar fram með *r*. Ritað er *rr* í öllum beygingarmyndum *kyrr* og *þurr*, eins og sýnt er í töflunni hér á eftir.

		KARLKYN	KVENKYN	HVORUGKYN
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	kyrr	kyrr	kyrrt
	ÞF. (<i>um</i>)	kyrran	kyrr	kyrrt
	ÞGF. (<i>frá</i>)	kyrrum	kyrri	kyrru
	EF. (<i>til</i>)	kyrrs	kyrrar	kyrrs
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	kyrrir	kyrrar	kyrr
	ÞF. (<i>um</i>)	kyrra	kyrrar	kyrr
	ÞGF. (<i>frá</i>)	kyrrum	kyrrum	kyrrum
	EF. (<i>til</i>)	kyrra	kyrra	kyrra

17.2 Á eftir áhersluléttum sérhljóðum heyrir munur á *r* og *rr* illa

17.2.1 Munurinn á *r* og *rr* heyrir yfirleitt ekki vel í framburði á eftir áherslulétu sérhljóði (sérhljóði sem ekki stendur í áhersluatkvæði), eins og í þessum orðum:

annar • önnur • (frá) annarri • (til) annarrar • (til) annarra
 einhver • (frá) einhverri • (til) einhverrar • (til) einhverra
 nokkur • (frá) nokkurri • (til) nokkurrar • (til) nokkurra
 fagur • fögur • (frá) fagurri • (til) fagurrar • (til) fagurra
 lipur • (frá) lipurri • (til) lipurrar • (til) lipurra
 snotur • (frá) snoturri • (til) snoturrar • (til) snoturra

Í þessum orðum og öðrum álíka eru rituð jafnmörg *r* og í lýsingarorðinu *stór* og því má hafa *stór* til leiðsagnar. Dæmi:

		KARLKYN		KVENKYN		HVORUGKYN	
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	nokkur	stór	nokkur	stór	nokkurt	stórt
	ÞF. (<i>um</i>)	nokkurn	stóran	nokkra	stóra	nokkurt	stórt
	ÞGF. (<i>frá</i>)	nokkrum	stórum	nokkurri	stórri	nokkru	stóru
	EF. (<i>til</i>)	nokkurs	stórs	nokkurrar	stórrar	nokkurs	stórs

FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	nokkrir	stórir	nokkrar	stórar	nokkur	stór
	ÞF. (<i>um</i>)	nokkra	stóra	nokkrar	stórar	nokkur	stór
	ÞGF. (<i>frá</i>)	nokkrum	stórum	nokkrum	stórum	nokkrum	stórum
	EF. (<i>til</i>)	nokkurra	stórra	nokkurra	stórra	nokkurra	stórra

Nokkur dæmi:

Þar mætti hann tröllkerlingu **nokkurri** (stórri).

Þau sigldu til eyjar **nokkurrar** (stórrar).

Hún þráði að komast í **nokkurra** (stórra) daga sumarleyfi.

17.2.2 Undantekning: *þessi*. Í myndum orðsins *þessi* er alltaf *r* (aldrei *rr*) eins og hér er sýnt:

	KARLKYN	KVENKYN	HVORUGKYN
ET. NF. (<i>hér er</i>)	þessi	þessi	þetta
ÞF. (<i>um</i>)	þennan	þessa	þetta
ÞGF. (<i>frá</i>)	þessum	þessari	þessu
EF. (<i>til</i>)	þessa	þessarar	þessa
FT. NF. (<i>hér eru</i>)	þessir	þessar	þessi
ÞF. (<i>um</i>)	þessa	þessar	þessi
ÞGF. (<i>frá</i>)	þessum	þessum	þessum
EF. (<i>til</i>)	þessara	þessara	þessara

Nokkur dæmi:

Hún lék í **þessari** mynd; hann lék í **einhverri annarri**.

Ég hef oft komið til **þessarar** borgar; förum til **einhverrar annarrar**.

Enginn þekkti til **þessara** manna.

17.3 Í sumum orðum fellur *r* brott í framburði

17.3.1 Sums staðar verður *r* ógreinilegt eða hverfur alveg í framburði en helst í stafsetningu. Þetta á aðallega við um efstastig nokkurra lýsingarorða og atviksorða. Þar þarf að leita að stofni í frumstigsmýnd eða öðrum skyldum orðum til að sannreyna að rita skuli *r*:

stærstur (sbr. stór) • nyrstur (sbr. norður) • fyrstur (sbr. for-, fyrir) • fjærstur (sbr. fjarri) • verstur (sbr. verri, versna) • ferskt (sbr. ferskur)

Athugið að ritað er *hæstur* (frumstig *hár, háan, háum, hás*, miðstig *hærrí*) og *skástur* (miðstig *skárrí*).

17.3.2 Í sumum orðum er oft borið fram *rll* eða *dl* þar sem ritað er *rl*, eins og til dæmis í þessum orðum:

karl • kerling • varla

Í tilvikum eins og þessum þarf oft að leita til orðabókar. Gætið einnig að orðum sem borin eru fram með *dl* en eru rituð með *ll*, eins og *kalla, bella* og *valla*. Sjá kafla 12.

17.3.3 Í sumum orðum er oft borið fram *rdn* eða *dn* þar sem ritað er *rn*, eins og til dæmis í þessum orðum:

Árni • barn • korn • þorn

Í tilvikum eins og þessum þarf oft að leita til orðabókar. Gætið einnig að orðum sem borin eru fram með *dn* en eru rituð með *nn*, eins og *einn, beinn* og *seinn*. Sjá kafla 12.

18. *s* og *ss*

Í mörgum orðum er ýmist ritað *s* eða *ss* eftir því í hvaða falli, kyni eða tölu þau eru. Þessi munur heyrir ekki alltaf í framburði. Sums staðar verður *s* líka ógreinilegt í framburði eða hverfur jafnvel alveg en er samt haldið í stafsetningu.

18.1 Á eftir áherslusérhljóði heyrir munur *s* og *ss* yfirleitt vel

Munurinn á *s* og *ss* heyrir yfirleitt vel í framburði næst á eftir áherslusérhljóði, eins og í þessum nafnorðum og lýsingarorðum:

ás • (til) áss	hús • (til) húss	laus • (til) lauss
lás • (til) láss	nes • (til) ness	læs • (til) læss
ís • (til) íss	gras • (til) grass	fús • (til) fúss
bás • (til) báss	gos • (til) goss	vís • (til) víss

Í þessum orðum endar stofninn á einföldu *s*-i og í eignarfalli eintölu (í karlkyni og hvorugkyni) bætist við hann eignarfallsendingin *-s*: *bús*, til *búss*.

18.2 Á eftir áhersluléttum sérhljóðum heyrir munur á *s* og *ss* illa

18.2.1 Munurinn á *s* og *ss* heyrir yfirleitt ekki vel í framburði á eftir áhersluléttu sérhljóði (sérhljóði sem ekki stendur í áhersluatkvæði) og því þarf að gæta sérstaklega að ritun *s* og *ss* þar. Þetta á bæði við um samsett orð á borð við *hengi-lás*, *eld-bús*, *Hofs-ós* og *Reykja-nes* og ósamsett orð eins og til dæmis *ananas* og *atlas*. Í þessum orðum endar stofninn á einföldu *s*-i en í eignarfalli eintölu (í karlkyni og hvorugkyni) á *-ss*:

eldhús • (til) eldhúss	ananas • (til) ananass
hengilás • (til) hengiláss	atlas • (til) atlass
Hofsós • (til) Hofsóss	gúllas • (til) gúllass
Reykjanes • (til) Reykjanes	majónes • (til) majóness
	bónus • (til) bónuss

kaktus • (til) kaktuss

sirkus • (til) sirkuss

kandís • (til) kandíss

18.2.2 Í fornafninu *ýmis* endar stofninn á einföldu *s*-i og því bætist eignarfallsendingin *-s* við stofninn:

		KARLKYN	KVENKYN	HVORUGKYN
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	ýmis	ýmis	ýmist
	ÞF. (<i>um</i>)	ýmsan	ýmsa	ýmist
	ÞGF. (<i>frá</i>)	ýmsum	ýmissi	ýmsu
	EF. (<i>til</i>)	ýmiss	ýmissar	ýmiss
FT.	NF. (<i>hér eru</i>)	ýmsir	ýmsar	ýmis
	ÞF. (<i>um</i>)	ýmsa	ýmsar	ýmis
	ÞGF. (<i>frá</i>)	ýmsum	ýmsum	ýmsum
	EF. (<i>til</i>)	ýmissa	ýmissa	ýmissa

Athugið sérstaklega **ýmiss** konar þar sem *ýmis* er í eignarfalli eintölu, eins og *hvers* og *þess* í *hvers konar* og *þess konar*.

18.2.3 Athugið einnig karlkynsnafnorð á borð við *hirðir*, *læknir* og hvorugkynsnafnorð eins og *frelsi*, *kvæði* og *heimili* sem öll fá endinguna *-s* í eignarfalli eintölu:

		KARLKYN		HVORUGKYN	
ET.	NF. (<i>hér er</i>)	læknir	læknirinn	kvæði	kvæðið
	ÞF. (<i>um</i>)	lækni	lækninn	kvæði	kvæðið
	ÞGF. (<i>frá</i>)	lækni	lækninum	kvæði	kvæðinu
	EF. (<i>til</i>)	læknis	læknisins	kvæðis	kvæðisins

Athugið einnig atviksorð (og forsetningar) sem enda á *-is* eins og til dæmis *erlendis*, *fríhendis*, *réttsælis*, *rangælis*, *umbverfis*.

18.2.4 Atviksorðin *innanbúss* og *utanbúss* eru rituð með *ss* og samsetningar með þeim, til dæmis *innanbússfótbolti*, *innanbússmál*, *innanbússskór*, *innanbússskýrsla*, *utanbússmálning* (sbr. 18.4).

18.3 Ef stofn orðs endar á tvöföldu *s*-i bætist *-s* ekki við í eignarfalli

Í orðum þar sem stofn endar á *-ss*, eins og *foss* og *hross*, bætist **ekki** við *-s* við í eignarfalli:

foss • (til) foss	hross • (til) hross	hvass • (til) hvass
Selfoss • (til) Selfoss	hnoss • (til) hnoss	hress • (til) hress
koss • (til) koss	góss • (til) góss	
kross • (til) kross	hlass • (til) hlass	
	pláss • (til) pláss	
	skass • (til) skass	

18.4 Um *s* og *ss* á samskeytum orða

18.4.1 Síðari hluti samsetningar hefst á *s*

Hefjist síðari hluti orðs á *s* er breytilegt hvort fyrri hlutinn er ritaður með eignarfallsendingunni *-s* eða ekki og verður þar að taka tillit til rithefðar og leita til orðabóka. (Kúlan (•) á samskeytum er aðeins til skýrleiksauka hér en er ekki notuð í venjulegri stafsetningu.)

(1) Hefð er að rita án eignarfallsendingarinnar *-s*:

- bú•stýra (en bú•áhold)
- hrepp•stjóri (en hrepps•nefnd, hrepps•ómagi)
- nám•skrá (en náms•árangur, náms•braut, náms•maður, náms•stuðningur)
- skip•stjóri (en skips•rúm, skips•þerna)
- Reyni•staður (en Reynis•drangar, Reynis•fjara, Reynis•hólar)

Þetta gildir einnig þar sem stofn fyrri liðar endar á *s*:

- Árnes•sýsla (en Árness•þing)
- Snæfellsnes•sýsla (en Snæfellsness•prófastdæmi)
- Reykjanes•skagi
- Laugarnes•spítali
- Langanes•strönd
- Pósthús•stræti
- Lárus•son
- Tómas•son
- Jens•son

(2) Hefð er að rita með eignarfallsendingunni -s:

félags•skapur

lands•samtök

Baróns•stígur

Egils•staðir

Vífils•staðir

(3) Valfrjálst er hvort ritað er með eignarfallsendingunni -s eða án hennar, en oftast eru þessi orð þó rituð án eignarfallsendingarinnar:

eldhús•skápur eða eldhúss•skápur

eldhús•stóll eða eldhúss•stóll

eldhús•störf eða eldhúss•störf

(4) Atviksorðin *innanhúss* og *utanhúss* eru rituð með *ss* í samsetningum:

innanhúss•sími

innanhúss•skór

innanhúss•skýrsla

utanhúss•sýning

(5) Endi stofn fyrri hluta orðs á *ss* bætist **ekki** við eignarfallsendingin -s, sbr. 18.3:

hass•sali

kross•saumur

stáss•stofa

18.4.2 Síðari hluti samsetningar hefst ekki á *s*.

Hefjist síðari hluti samsetningar ekki á *s* sker framburður oftast úr um hvort fyrri liður skuli ritaður með eignarfallsendingunni -s eða án hennar. Vafi getur þó skapast ef stofn fyrri liðar endar á *s* og verður þar að taka tillit til rithefðar.

(1) Hefð er að rita **án** eignarfallsendingarinnar -s:

Laufás•vegur

Laugarnes•vegur

Reykjanes•braut

Reykjanes•bær

Reykjanes•fólkvangur

(2) Hefð er að rita **með** eignarfallsendingunni -s:

Árness•þing

Snæfellsness•prófastdæmi

(3) Valfrjálst er hvort ritað er með eignarfallsendingunni -s eða án hennar, en oftast eru þessi orð þó rituð án eignarfallsendingarinnar:

eldhús•borð (eða eldhúss•borð)

eldhús•verk (eða eldhúss•verk)

lambhús•hetta (eða lambhúss•hetta)

fjárhús•tóft (eða fjárhúss•tóft)

(4) Atviksorðin *innanhúss* og *utanhúss* eru rituð með *ss* í samsetningum:

innanhúss•arkitekt

innanhúss•fólk

innanhúss•fótbolti

innanhúss•mál

utanhúss•málning

Athugið sérstaklega *Neskaupstaður* sem er sett saman úr *Nes* og *kaupstaður*.

19. Einn eða fleiri samhljóðar

19.1 Upprunasjónarmiðið

Íslensk stafsetning byggist að miklu leyti á upprunasjónarmiðum. Í því felst að yfirleitt er valinn ritháttur sem endurspeglar uppruna og skyldleika orða fremur en að leitað sé einföldustu samsvörunar milli bókstafa og nútímaframburðar.

Þannig er að jafnaði tekið mið af stofni orðs (t.d. *grimmð* með tveimur *m*-um af því að orðið er leitt af lýsingarorðinu *grimmur*)(sjá 19.2–19.3), ritað er *y*, *y* og *ey* í samræmi við uppruna og fornan framburð (t.d. *þynnri* með *y* með hliðsjón af orðinu *þunnur*)(sjá 14), gerður greinarmunur á *n* og *nn* í greini og endingum orða (t.d. *fyndinn* í kk. en *fyndin* í kvk.)(sjá 16) og ritað *fl*, *fn*, *ll*, *nn*, *rl*, *rn* þótt hljóðavíxl eða önnur framburðarbreyting hafi orðið í framburði (t.d. *eflt*, *nefnd*, *allur*, *beinn*, *árla*, *spyrnti*)(sjá 8, 12 og 21) o.s.frv.

19.2 Stofn orða (stofnreglan)

Ritmynd stofns veitir yfirleitt leiðsögn um ritun í öllum beygingarmyndum þess þótt hann heyrist ekki alltaf í framburði. Þetta kallast **stofnreglan**. Stofn er sá hluti orðs sem er sameiginlegur öllum beygingarmyndum þess. Stundum þarf að leita til skyldra orða ef stofn veitir ekki nægilega skýr svör um ritun orðs.

annarra (sbr. annar) • bágur (sbr. bágs) • bogi (sbr. boga) • bólgna (sbr. bólginn) •
efndi (sbr. efna) • franskt (sbr. franskur) • gegndi (sbr. gegna) • harðna (sbr.
harður) • hegndi (sbr. hegna) • horfnir (sbr. horfinn) • hæstur (sbr. hár) • jafnt
(sbr. jafn) • legi (sbr. lögur) • leigja (sbr. leigði) • lægstur (sbr. lágur) • lögin (sbr.
lög) • margt (sbr. margur) • nokkurri (sbr. nokkur) • ragt (sbr. ragur) • rakt (sbr.
rakur) • stærstur (sbr. stór) • tefldi (sbr. tefla) • tigginn (sbr. tign) • vatns (sbr. vatn)
• vígsla (sbr. vígður)

19.3 Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði

Til þess að vita hvort rita skuli einfaldan eða tvöfaldan samhljóða er nauðsynlegt að finna stofn orðsins.

illska (sbr. illur) • hryggði (sbr. hryggja) • hollt (sbr. hollur) • holt (sbr. holur) • grenni (sbr. grannur) • grynnka (sbr. grunnur) • gapti (sbr. gapa) • drottning (sbr. drottinn) • drukkna (sbr. drukkinn, drekkja) • kettlingur (sbr. köttur) • klukkna (sbr. klukka) • kynngi- (sbr. kynngimagnaður, fjölkynngi) • kynnti (sbr. kynna) • kynti (sbr. kynda) • minnka (sbr. minni) • slokkna (sbr. slökkva) • þurrka (sbr. þurr)

Athuga þarf sérstaklega þrjá eins samhljóða á mótum samsettra orða.

alllitill • krosssaumur • sannnefndur • stásstofa • þáttaka

Athuga þarf rithátt eftirfarandi orða:

fýrr • kyrr • þurr • verr (verr og miður)

fram • um • en (þó enn í merkingunni enn þá)

20. Brottfall í framburði

Við orðmyndun og beygingu orða geta þrjú eða fleiri samhljóðar lent samhliða inni í orði eða í enda orðs. Við slíkar aðstæður eru brottföll algeng í framburði. Jafnan er ritað eftir uppruna og því gildir að hafa í huga stofn orðs sem rita skal en ekki aðeins viðkomandi orðmynd. Stundum þarf einnig að leita skyldra orða. Nokkrar undantekningar eru frá þessari reglu um ritun eftir uppruna sem læra þarf sérstaklega (sjá 20.4).

Stök samhljóð geta einnig verið ógreinileg, sjá einkum um *f* í 8. kafla, *g* í 9. kafla og *j* í 10. kafla og og algengt er að framburður endurspegli ekki rithátt tveggja samhljóða. Mörg slík dæmi eru til umfjöllunar í köflum 8-13.

20.1 Í ýmsum orðum eru þrjú eða fleiri samhljóð í stofni án þess að það heyrist skýrt í framburði.

Hér er bæði um samsett og ósamsett orð að ræða. Leita þarf skyldra orða.

bernska (sbr. barn) • eyðsla (sbr. eyða) • fyrndur (sbr. forn) • girnd (sbr. girnast) • holdgast (sbr. hold) • hvelfdur (sbr. hvelfing, hvolf) • hvilft (sbr. hvelfa, hvolf) • skelfdur (sbr. skjálfa) • smyrsl (sbr. smyrja) • tylft (sbr. tólf) • varsla (sbr. vörður) • vernd (sbr. verja) • (yfir-)breiðsla (sbr. breiða) • þyngsli (sbr. þungur) • ærsl (sbr. ærast)

borðtennis • harðtrúlofaður • jarðtengdur • verðleggja • verðlag

Oft er erfitt að finna skyld orð. Þá þarf að leita til orðabóka: *álft, högld/hagldir, yrðlingur*

20.2 Samhljóð falla gjarna brott eða verða ógreinileg þegar beygingarending bætir við samhljóða þar sem tveir eða fleiri eru í stofni.

Finna þarf stofn eða skylt orð.

barns (af barn) • fangsins (af fang) • fisks (af fiskur) • fjærstur (sbr. fjarri, fjær) • fornt (af forn) • fólks (af fólk) • fyrstur (sbr. for-, fyrir) • gagnsins (af gagn) • gests

(af gestur) • hálf (af hálfur) • hests (af hestur) • herpts (af herptur) • hundsins (af hundur) • hverflar (af hverfill) • karls (af karl) • kvöldsins (af kvöld) • lambs (af lamb) • langs (af langur) • lempni (sbr. lempinn, lempa) • lofts (af loft) • lungna (af lunga) • lúmskt (af lúmskur) • margt (af margur) • mjálms (af mjálm) • nyrðri, nyrst (sbr. norður) • rangs (af rangur) • sárastrar (af sárastur, af lo. sár) • sjálft (af sjálfur) • stirðs (af stirður) • styrks (af styrkur) • styrkts (af styrktur) • stærstur (af stór, stærri) • svarts (af svartur) • svindls (af svindl) • sýknra (af sýkn) • vatns (af vatn) • verðs (af verð) • vængsins (af vængur) • þangs (af þang)

20.3 Samhljóð falla gjarna brott, verða ógreinileg eða breytast þegar þrír samhljóðar lenda saman í þátíðarmyndum sagna.

Finna þarf stofn:

bergði (af bergja) • birgði (af birgja (sig upp)) • byrgði (af byrgja (inni)) • dembdi (af demba) • efdi, elft (af efla) • ergði (af ergja) • fergði (af fergja) • fylgdi (af fylgja) • fylkti (af fylkja) • fyrndi, fyrnd, fyrnt (af fyrna) • herpti, herpt (af herpa) • hvolfdi (af hvolfa) • kembdi, kempt (af kempa) • lembdi (af lemba) • nefndi, nefnt (af nefna) • orðnar (lh.þt. af verða) • rigndi (af rigna) • skyggndist (af skyggna) • spyrnti (af spyrna) • styrkti (af styrkja) • telgdi (af telgja)

Ath. að ef þátíðarendingin bætir *t* við *ð* eða *d* í stofni er ritað í samræmi við framburð, sjá 20.4.1.

20.4 Undantekningar frá upprunareglunni varða ritun hljóða á undan *t*, *st*, *ske* og *sl* Í nokkrum tilvikum endurspeglar ritun framburð en ekki uppruna.

20.4.1 Ekki er ritað *ð* og *d* á undan *t*, *st*, *ske* og *sl* þrátt fyrir uppruna ef hljóðin heyrast ekki í framburði:

girti (girð+ti, sbr. girða) • hart (harð+t, sbr. harður) • synti (synd+ti, sbr. synda) • kalt (kald+t, sbr. kaldur) • bregst (bregð+st, sbr. bregðast) • íslensk (íslend+sk) • reykvískur (vík+sk) • verslun (verð+sl+un) • vont (vond+t, sbr. vondur) •

Ef *ð* heyrast í framburði er það hins vegar ritað:

ániðsla • hefur dáðst • eyðsla • háðsk • (hefur) náðst • (hefur) reiðst • syðstur • yfirbreiðsla

Þegar $\partial+t$ verður tt í framburði ósamsettra orða er það ritað svo:

glatt (glað+t, sbr. glaður) • breitt (breið+t, sbr. breiður) • hljótt (hljóð+t, sbr. hljótt) • reitt (reið+t, sbr. reiður) • vítt (víð+t, sbr. víður)

20.4.2 Ekki er ritað t á undan st , ske og sl þrátt fyrir uppruna ef t heyrir ekki:

gast (gat+st) • víska (vit+ska) • gæsla (gæt+sla)

20.4.3 Ekki er ritað t , st eða tt á undan st .

hann hefur fest (fest+st) • þau hafa kysst (kysst+st) • vandinn hefur leyst (leyst+st) • þau hafa hist (hittst+st)

20.4.4 Ekki er ritað esk ef i fer á undan.

afrískur (Afríka) • húsvískur (Húsavík) • reykvískur (Reykjavík)

Athuga þarf sérstaklega r og ∂ í efsta stigi lýsingarorða og atviksorða. Finna þarf stofn eða skylt orð:

Án ∂ og r : *hæstur* (sbr. *há*) • *smæstur* (*smá*) • *mjóstur* (*mjó*) • *skástur* (skylt *skána*)

Með ∂ : *syðstur* (*suður*)

Með r : *stærstur* (*stór*) • *nyrstur* (*norður*) • *fyrstur* (sbr. *for-*, *fyrir*) • *fjarstur* (*fjar*) • *verstur* (skylt *versna*)

21. Stafavíxl

Í framburði geta *gl/lg* og *gn/ng* víxlast eða *g*-hljóðið horfið þannig að erfitt er að átta sig á rithættinum. Það sama gildir um *fl/lf* og *fn* þar sem einnig þarf að huga mismunandi framburði *fl* og *fn*, sjá 8.5 og 8.6.

Víxlin verða einkum í þátíð veikra sagna. Ritháttur er þá eins og í nafnhættinum:

	1. KENNIMYND	2. KENNIMYND	3. KENNIMYND	ÞÁ EINNIG
gl	negla	negldi	neglt	negldir, neglduð o.s.frv.
gl	sigla	sigldi	siglt	sigldir, siglduð o.s.frv.
ggl	yggla	yggldi	ygglt	yggldir, ygglduð o.s.frv.
lg	fylgja	fylgdi	fylgt	fylgdir, fylgduð o.s.frv.
lg	velgja	velgdi	velgt	velgdir, velgduð o.s.frv.
lg	telgja	telgdi	telgt	telgdir, telgduð o.s.frv.
gn	egna	egndi	egnt	egndir, egnduð o.s.frv.
gn	gegna	gegndi	gegnt	gegndir, gegnduð o.s.frv.
gn	hegna	hegndi	hegnt	hegndir, hegnduð o.s.frv.
gn	rigna	rigndi	rignt	niðurrigndur
ng	hengja	hengdi	hengt	hengdir, hengduð o.s.frv.
ng	lengja	lengdi	lengt	lengdir, lengduð o.s.frv.
ng	sprengja	sprengdi	sprengt	sprengdir, sprengduð o.s.frv.
fl	efla	efldi	eflt	efldir, elfduð o.s.frv.
fl	tefla	tefldi	teflt	tefldir, telfduð o.s.frv.
lf	hvolfa	hvolfdi	hvolft	hvoldir, hvolfduð o.s.frv.
lf	skelfa	skelfdi	skelft	skelfdir, skelfduð o.s.frv.
fn	efna	efndi	efnt	efndir, efnduð o.s.frv.
fn	nefna	nefndi	nefnt	nefndir, nefnduð o.s.frv.

Þessi víxl valda því að þátíð sagnanna *hegna* og *hengja* hljómar eins í framburði, en þeim er haldið aðgreindum í rithætti:

hegna – (þið) hegnduð

hengja – (þið) hengduð

Það sama gildir um sagnirnar *skefla* (fjúka í skafla) og *skefla* (hræða).

Slík víxl finnast einnig í öðrum orðum en sögnum og þarf þá gjarna að leita skyldra orða eða í orðabók:

fylgdarmaður (sbr. fylgja) • gegndarlaus, gegnd (sbr. gegna) • gegnt (sbr. gegn, þ.e. á móti) • (fiskgengd (sbr. ganga) • hagldir (sbr. högld) • jafnt (sbr. jafn) • lítulsigldur (sbr. sigla) • lygnt (veður) (sbr. lygn, logn) • röfl (sbr. röfla)

Athugið mismunandi rithátt *snurða* (hnútur, skylt *snara*) og *snuðra* (forvitnast). Ritað er *snurða hleypur á þráðinn*, en *forvitnið fólk snuðrar*.

Athugið að ritað er *vg* í orðunum *frjóvga*, *frjóvgun* (af *frjór*) og *sljóvga*, *sljóvgaður* (af *sljór*). Hljóðunum er stundum víxlað í framburði eða *v* heyrir ekki. Framburðurinn *vg* er hins vegar oftast ritaður *fg*, sjá 8.3.5.

22. Greinarmerki: kommur

22.1 [§103] Komma er höfð í upptalningu og þegar orð eru endurtekin nema þar sem notaðar eru samtengingar.

Sigrún, Jón, Árni og Guðrún eru systkin.

Á morgun er landafræði, enska, stærðfræði og danska.

Þetta er langtum, langtum skemmtilegra.

Já, já.

Á morgun er landafræði og enska og stærðfræði og danska.

[§108] Komma er einnig notuð þegar setningar koma hver á eftir annarri í sömu málsgrein. Þá er meginreglan sú að þær eru *annaðhvort* aðgreindar með kómmum *eða* tengdar með samtengingum.

Að sumu leyti var mjög gaman, að öðru leyti var mjög leiðinlegt.

Að sumu leyti var mjög gaman en að öðru leyti var mjög leiðinlegt.

Sumir fengu ís, aðrir vildu frekar búðing.

Sumir fengu ís en aðrir vildu frekar búðing.

Sigurður lagði á borðið, bauð gestunum til sætis og settist niður.

Sigurður lagði á borðið og bauð gestunum til sætis og settist niður.

Mér líður vel, veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu.

Mér líður vel þegar veðrið er gott og sólin skín glatt og fuglarnir kvaka og sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu.

Þið skuluð fara eftir lögum í þeim löndum sem þið ferðist til og þið ætlið að dveljast í.

Hafa verður í huga að samtengingar geta lent annars staðar en mitt á milli þeirra setninga sem þær tengja (t.d. fremst í málsgrein) en samt sem áður er ekki höfð komma á mótum setninganna.

Eins og áðan kom fram fellur fundurinn í dag niður.

Þegar veðrið er gott líður mér vel.

Þegar veðrið er gott, sólin skín glatt, fuglarnir kvaka, sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

Þegar veðrið er gott og sólin skín glatt og fuglarnir kvaka og sauðfé dreifir sér um hagana og ég ligg marflatur í grasinu líður mér vel.

Skýringartengingin *að* má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað í dæmum á borð við:

Hann veit að hún kemur. / Hann veit hún kemur.

Skilyrðistengingin *ef* má falla brott án þess að setja skuli kommu í hennar stað (þá verður umsögn í skilyrðissetningu í viðtengingarhætti):

Þeir róa í kvöld ef veðrið skánar. / Þeir róa í kvöld skáni veðrið.

Ef veðrið skánar róa þeir í kvöld. / Skáni veðrið róa þeir í kvöld.

22.2 [§104] Komma er höfð til að afmarka ávörp og upphrópanir.

Komdu hingað, vinur.

Sæl, Anna, og til hamingju með afmælið.

Fundarstjóri, má ég bera fram athugasemd?

Ég get sagt þér það, Ása, að ég er orðinn verulega þreyttur á þessum hávaða.

Hvað var það, minn kæri, sem þú vildir okkur segja, þú frægi skrátni Sölvi Helgason?

Nei, það kemur ekki til greina.

Ó, farðu þér nú ekki að voða, elskan mín.

22.3 [§105] Komma er sett til að afmarka beina ræðu en ef beinni ræðu lýkur með punkti, upphrópunarmerki eða spurningarmerki er kommunni sleppt.

„Þetta skil ég vel,“ sagði Anna.

„Nú er tíminn,“ sagði hann, „til að skipta um rafhlöðu.“

„Þetta er ömurlegt!“ hrópaði Anna.

„Eruð þið búin að skipta um rafhlöðu?“ spurði hann.

22.4 [§107] Komma er höfð til að afmarka innskot og ýmiss konar viðbætur sem eru ekki tengdar með samtengingum.

Hvannadalshnjúkur, hæsti tindur Íslands, er 2.110 metra hár.

Skólastjórinn, hann Páll, var veikur í gær.

Hann hefur, sennilega í ógáti, fellt niður skálina.

Tveir starfsmenn, Ásta og Gunnar, ætla til útlanda í sumar.

Þær eru farnar heim, stúlkurnar.

Réttu mér bolla, þennan hvíta.

Var hann ekki bakari, hann Jón?

Hann hljóp út, sárreiður og æstur.

Loksins komumst við heim, ánægð með daginn.

Athuga þurfti hverja ögn sem þær fengu, blessaðar skepnurnar.

Járnbrautardraumarnir rättust aldrei, að frátalinni flutningabraut í Reykjavík.

Ég ætla að koma fljótt aftur, á morgun eða hinn daginn.

22.5 Kommur er notaðar til að afmarka innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún felur í sér viðbótarupplýsingar og hægt er að slá svigum utan um hana eða taka hana út án þess að merking aðalsetningarinnar glatist.

Þetta hús, sem var byggt 1920, er elsta húsið við götuna.

Gunnar, sem hafði verið leigubústjóri í þrjátíu ár, lét ekki sitt eftir liggja.

Gangnamennirnir, sem allir voru reyndir og vel búnir, lögðu af stað árla morguns.

Gömlu hjónunum, sem höfðu búið í húsinu í áratugi, féll þungt að þurfa að flytjast á brott.

Ekki skal afmarka með kómmum innskotssetningu tengda með samtengingu ef hún er ómissandi hluti af merkingu aðalsetningarinnar og ekki hægt að slá svigum utan um hana.

Sá sem fast við erfitt verkefni verður að leggja hart að sér.

Nemandi sem stundar námið vel mun ná góðum árangri.

Það sem birtist á skjánum er ólæsilegt.

Nokkrir sem ég þekki ætla til Akureyrar í sumar.

Ökutæki sem skráð er hér á landi skal færa til almennrar skoðunar árlega.

Í þeim samdrætti sem nú gengur yfir er fráleitt að auka launakostnað fyrirtækjanna.

Lagt er til að útgerðir þeirra báta *sem nú stunda veiðar með krókaleyfi* geti fengið aflahlutdeild í einstökum tegundum.

Sérfræðingar á ýmsum sviðum *er tengjast opinberum innkaupum* kynntu nýjungar á fjölsótttri innkauparáðstefnu.

Sama málsgrein getur haft ólíka merkingu eftir því hvort innskotssetning inniheldur viðbótarupplýsingar sem slá má svigum um, eins og í (a), eða er nauðsynleg fyrir merkingu aðalsetningarinnar, eins og í (b):

- (a) Þingmenn kjördæmisins, *sem fengu boðsmiða*, komu á sýninguna.
= Þingmenn kjördæmisins komu á sýninguna en þeir fengu (allir) boðsmiða.
— innskot með viðbótarupplýsingum
- (b) Þingmenn kjördæmisins *sem fengu boðsmiða* komu á sýninguna.
= Þeir þingmenn kjördæmisins sem fengu boðsmiða komu á sýninguna (en ekki fengu allir þingmenn kjördæmisins boðsmiða).
— innskotssetning tilgreinir þann hóp þingmanna sem komu á sýninguna; innskotssetningin er nauðsynleg til að merking aðalsetningarinnar komist til skila

22.6 [§110] Kommur afmarka starfsheiti, titla og frændsemisorð þegar um er að ræða fleiri en eitt orð.

Jón Gunnar tannlæknir tók þátt í hátíðahöldunum.

Jón Gunnar, tannlæknir grunnskólanna, tók þátt í hátíðahöldunum.

Jóna Árnadóttir formaður mælti fyrir tillögunni.

Jóna Árnadóttir, formaður félagsins, mælti fyrir tillögunni.

Jói frændi kom í veisluna.

Jói, frændi okkar, kom í veisluna.

Sigríður Jóna systir kom heim til mín í gær.

Sigríður Jóna, systir mín, kom heim til mín í gær.

Sigga litla, systir mín, situr úti í götu.

Sál gaf honum þá Míkal, dóttur sína, fyrir eiginkonu.

22.7 [§111] Kommur eru valfrjálsar milli lýsingarorða eða lýsingarháttanna ef orðin eru aðeins tvö. Setja skal kommu ef orðin eru þrjú eða fleiri nema á þá staði þar sem samtengingar koma í þeirra stað.

Þarna var gömul góð kona.

Þarna var gömul, góð kona.

Þarna var gömul, góð, gráhærð kona.

Þarna var gömul, góð og gráhærð kona.

Ég sá stóra grimma úlfinn.

Ég sá stóra, grimma úlfinn.

Ég sá stóra, ljóta, grimma úlfinn.

Ég sá stóra, ljóta og grimma úlfinn

Þetta var á köldum heiðskírur vetrardegi.

Þetta var á köldum, heiðskírur vetrardegi.

Þetta var á köldum, björtum, heiðskírur vetrardegi.

Þetta var á köldum, björtum og heiðskírur vetrardegi.

Hver á gamla bláa bílinn?

Hver á gamla, bláa bílinn?

Hver á gamla, fallega, bláa bílinn?

Hver á gamla, fallega og bláa bílinn?

Þetta er afgirt vaktað svæði.

Þetta er afgirt, vaktað svæði.

Þetta er afgirt, merkt, vaktað svæði.

Þetta er afgirt, merkt og vaktað svæði.

Ávöxtunin fæst með íslenskum ríkistryggðum skuldabréfum.

Ávöxtunin fæst með íslenskum, ríkistryggðum skuldabréfum.

Ávöxtunin fæst með íslenskum, traustum, ríkistryggðum skuldabréfum.

Ávöxtunin fæst með íslenskum, traustum og ríkistryggðum skuldabréfum.

22.8 [§112] Heimilt er að setja kommu milli setninga ef nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir misskilning þótt það se ekki í samræmi við fyrrgreindar reglur.

Heimilt er að nota kommu til að ákveða hik eða þagnir í lestri í samræmi við hugmyndir höfundar texta um lestur, framsögn eða stíl. Slík kommuþing skal þó ekki kennd í skólum eða gilda á skólaprófum.

22.9 [§106] Kommur eru notaðar við ritun tugabrota og til að aðgreina krónur og aura í fjárhæðum.

Kílóíð kostar 29,95 kr.

Einn deilt með fjórum er 0,25.

Þí er u.þ.b. 3,14.